

Miðvikudaginn 1. nóvember 1978.

Nr. 105/1977. **Ákæruvaldið**

(Bragi Steinarsson settur vararíkis-
saksóknari)

gegn

Ívari Erni Ingólfssyni

(Jón Bjarnason hrl.).

Sýknað af ákæru um brot gegn byggingarsamþykkt Reykjavíkur nr. 39/1965. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Hér fyrir dómi hefur af ákæruvaldsins hálfu verið lýst yfir því, að 102. gr. byggingarsamþykktar Reykjavíkur nr. 39/1965 eigi ekki við um brot þau, sem ákæra lýtur að. Kemur ákvæði þetta því ekki til álita við úrlausn sakarefna í máli þessu.

Aðaltekningar af húsum þeim nr. 2 til 16, er síðar urðu nr. 2—20 við Dvergabakka og í máli þessu greinir, gerði Ásmundur Ólason byggingafræðingur, byggingaefirlitsmaður hjá byggingarfulltrúa. Síndu teikningarnar svalahandrið húsa-anna. Segir Ásmundur það hafa verið hugmynd sína, að þau ættu að vera eins og aðaltekningar bera með sér. Hann sendi byggingarnefnd Reykjavíkur teikningarnar, og samþykkti nefndin þær athugasemdalaust 10. ágúst 1967. Sérteikningar af svalahandriðunum voru ekki gerðar, enda segir Sigurjón heitinn Sveinsson, byggingarfulltrúi Reykjavíkurborgar, fyrir dómi, „að alls ekki sé venja að heimta slíkar teikningar fyrir byggingarnefnd og ekki samhliða húsunum“, en heimilt sé að krefjast slíkra séruppdráttu samkv. 9. gr. byggingarsamþykktar Reykjavíkur.

Er teikningar höfðu verið samþykktar, tók ákærði á sig ábyrgð sem húsasmíðameistari samkvæmt 16., 17. og 18. gr. byggingarsamþykktar Reykjavíkur. Munu húsin hafa verið

steypt upp í þrem áföngum. Af gögnum máls verður ráðið, að vorið 1969 hafi svalahandrið verið sett upp á húsunum nr. 10—20, en 20. ágúst 1970 hafi svalahandrið ekki verið komin á hús nr. 2—8, sbr. bréf ákærða 20. ágúst 1970 og 4. maí 1971 til byggingarfulltrúa.

Gerð svalahandriðanna kveður ákærði hafa verið hagað að öllu leyti í samræmi við samþykktar teikningar Ásmundar Ólasonar, en svalahandriðin eru þar sýnd með fjórum láréttum slám, og með vissu millibili eru lóðréttar uppistöður. Ná þær frá svalagólfi upp í skyggni yfir efstu svölum, en húsin eru þrjár hæðir. Ekki er fært á teikningarnar, hve langt bil skuli vera milli láréttra banda, en það virðist vera um 15 sm. Millibil milli uppistaða er ekki allsstaðar hið sama, en mest er það 230 sm. Mynda þær visst mynstur, og mun svo vera gert vegna útlits húsanna.

Ásmundur Ólason segir, að í tveim atriðum séu svalahandrið í ósamræmi við teikningarnar. Annars vegar hafi ekki verið sett girðing eða millibil milli svalahluta hinna einstöku íbúða. Við úrlausn sakargifta skiptir þetta ekki máli. Hins vegar séu „lóðréttu trén . . . ekki reist upp á hákant, heldur á flatinn“. Á teikningar eru uppistöður þessar markaðar. Segir hann það hafa verið ætlun sína að hafa svalahandriðin eins og teikningar hans beri með sér.

Við gerð handriðanna fór ákærði eftir teikningum, sem samþykktar höfðu verið af byggingarnefnd Reykjavíkur 10. ágúst 1967. Hafði hann lokið gerð þeirra við húsin nr. 10—20 við Dvergabakka, er honum barst bréf byggingarfulltrúa, dags. 10. júlí 1970, þar sem segir, að gerð handriðanna samrýmist ekki ákvæðum 69. gr. og 77. gr. byggingarsamþykktar Reykjavíkur, og lagt er fyrir ákærða að bæta þar um, svo að slysaætta stafi ekki af. Ekki er þó í bréfi þessu getið, í hverju slysaættan sé fólgin. Eftir að byggingarfulltrúa hafði borist svarbréf ákærða, dags. 20. ágúst 1970, sem rakið er í héraðsdómi, ritaði hann ákærða enn bréf 26. okt. 1970, þar sem ítrekuð er krafa um sérteikningar af svalahandriðunum og auk þess krafist, að á sérteikningum verði gerð grein fyrir stífleika og festingum handriðanna. Að auki er þess getið, að

í svölunum séu ekki lóðréttir rimlar og telji byggingarnefnd, „að af þeim stafi hætta“ og verði að ráða bót á því.

Samkvæmt skoðunargerð hinna dómkvöddu manna, Indriða Nielssonar og Halldórs Hannessonar, er opið bil milli hinna lárétta banda og undir þeim 14—15 sm, eða það sama og krafist er milli lóðréttra rimla.

Af rannsókn máls verður ekki ráðið, hvenær smíði handriðanna var að fullu lokið, og verður ekki fullyrt um, hvort einhverju hefur verið ólokið af henni, er ákærða barst áður greint bréf byggingarfulltrúa, dags. 26. okt. 1970.

Samkvæmt framansögðu og með vísun til málavaxtalýsingar héraðsdóms er ekki sannað, að ákærði hafi gerst sekur um brot á þeim ákvæðum byggingarsamþykktar Reykjavíkur, sem í ákæru getur, eins og sakargiftum er þar lýst. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Allur sakarkostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, samtals 240.000 krónur fyrir báðum dómum.

Vitaverður dráttur hefur orðið á rekstri máls þessa.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ívar Örn Ingólfsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Allur sakarkostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns, samtals 240.000 krónur fyrir báðum dómum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. febrúar 1977.

Ár 1977, þriðjudaginn 1. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómara sem dómsformanni og verkfræðingunum Edgar Guðmundssyni og Páli Hannessyni sem meðdómendum, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 52/1977: Ákæruvaldið gegn Ívari Erni Ingólfssyni, sem tekið var til dóms 10. desember sl.

1. Málið var höfðað með ákæru saksóknara ríkisins, dagsettri 8. mars 1973, gegn ákærða, Ívari Erni Ingólfssyni húsasmíðameistara, Safamýri 44 í Reykjavík, fæddum þar í borg 27. ágúst 1933, fyrir brot á byggingarsamþykkt Reykjavíkur með því sem húsa-smíðameistari húsanna nr. 2—20 við Dvergabakka í Reykjavík, sem eru 3ja hæða sambyggð fjölbýlishús, byggð 1967 og síðar, að haga svo gerð svalahandriða, að mikil slysaætta stafar af, einkum vegna láréttra banda (þversláa), sem verulegt opið bil er á milli, og að hafa lengra bil milli lóðréttra rimla en 15 sentimetra. Frágang handriðanna, sem eingöngu eru úr við, framkvæmdi ákærði á árunum 1969 og 1970 og hefur eftir það eigi sinnt ítrekuðum fyrimælum byggingarfulltrúa um úrbætur.

Telst brot ákærða varða við 2. mgr. 77. gr. og 1. mgr. 69. gr., sbr. 1. mgr. 17. gr., 99. gr. og 102. gr. byggingarsamþykktar Reykjavíkur nr. 39/1965, sbr. lög nr. 61/1944.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

2. Upphaf máls þessa má rekja til þess, að samkvæmt staðfestu endurriti af fundargerð byggingarnefndar Reykjavíkur frá 27. júlí 1967 er tekin til meðferðar fyrirspurn Ásmundar Ólasonar, byggingafræðings og eftirlitsmanns hjá byggingarfulltrúa, hvort leyft verði að byggja samkvæmt meðsendri teikningu á lóðinni nr. 2—16 við Dvergabakka. Afgreiðslu málsins var frestað. Síðan sendir Ásmundur umsókn um byggingarleyfi, sem dagsett er 5. ágúst s. á., vegna Bústaðar s/f, Ingólfs Guðmundssonar, Safamýri 44, fyrir fjölbýlishúsi á lóðinni nr. 2—16 við Dvergabakka. Á sérstökum athugasemdadálki á umsóknareyðublaðinu, sem ætlaður er fyrir umsagnir eða ábendingar embættismanna borgarinnar, segir m. a.: „Timburuppistöður utan á svölum séu með eldvörðu efni“. Umsókninni fylgdu uppdrættir að hinu fyrirhugaða húsi, og báru þeir greinilega með sér, að á svalahandriðum hússins var gert ráð fyrir þverslám. Framangreind umsókn var samþykkt í byggingarnefndinni 10. s. m. Með bréfi, dagsettu 17. s. m., var Bústað s/f, Safamýri 44, tilkynnt um þessa afgreiðslu nefndarinnar. Ekki var tilkynning þessi bundin neinum skilyrðum (utan gjalds), svo sem um gerð svalahandriða eða kröfu um sérteikningu af þeim. Á fundi nefndarinnar 6. september s. á. lagði byggingarfulltrúi til, að lóðin nr. 2—16 við Dvergabakka yrði talin nr. 2—20, og var það samþykkt.

Með bréfi, dagsettu 20. júní 1970, til byggingarnefndarinnar

kvarta íbúðaeigendur í fjölbýlishúsinu að Dvergabakka 2—20 út af uppsetningu og frágangi handriða á svölum svo og fleiri atriðum, sem eru utan þessa máls. Um þetta kvörtunarefni íbúanna segir í bréfinu:

„Þar sem megn óánægja er risin meðal íbúðareigenda að Dvergabakka 2—20 út af uppsetningu og frágangi handriða á svölum þess húss og brýtur í bága við byggingarsamþykkt Reykjavíkurborgar, gagnvart öryggi íbúðareigenda og barna þeirra (sic). Vér íbúðareigendur óskum þess, að byggingarnefnd Reykjavíkurborgar láti þegar í stað fjarlægja þetta timburverk utan af húsinu þegar í stað, og það verði sett annað úr varanlegu efni.

Vilji arkitekt hússins og byggingarnefnd Reykjavíkurborgar endilega hafa lóðréttar stoðir upp með svölunum, eins og sýnt er á teikningunni, þá leggjum vér íbúðareigendur til að verði sett eftirfarandi efni, sem nú skal greint frá.

1. Lóðréttar stoðir skulu vera úr 2" x 3" aluminium stálbitum og rafsjóðast í vinkiljárnin, sem eru við brún hvers svalagólfs.

2. Síðan komi 2 stk. láréttar slár úr sama efni og þær lóðréttu, þessar láréttu slár skulu vera 2" x 2" tommur á kant og rafsjóðast við lóðréttu stoðirnar. Önnur lárétta sláin skal vera 25 cm fyrir ofan svalagólf, en hin efri skal vera 50 cm fyrir ofan efri brún á neðri slá.

3. Síðan skal setja 6 mm slétt litað eða mattað plast á láréttu slárnar og gegnumbolta það. Plastið skal vera 100 cm á breidd og vera 5 cm fyrir ofan svalagólf.

4. Einnig skulu skilveggir milli eignarhluta hvernar íbúðar á svölum vera gerðir úr sama efni og ná frá svalagólfi og upp undir næsta svalapall.

Vér íbúðareigendur í fyrrnefndu húsi krefjumst þess, að byggingarnefnd Reykjavíkur skyldi byggingameistara þessara stíga-húsa við Dvergabakka 2—20 að gera þessar endurbætur á frágangi svalanna þegar í stað og það á sinn kostnað, og þær endurbætur verði gerðar, eins og vér íbúðareigendur höfum bent á, því það er of seint að byrgja brunninn, þegar barnið er ofan í dottið.“

Í niðurlagi bréfs íbúðaeigenda segir, að þeir óski þess, að húsbyggjendur fái ekki aðgang að bréfinu og fái helst ekki að sjá það.

Samkvæmt gerðabók byggingarnefndar hefur framangreint erindi eigendanna verið lagt fyrir fund 9. júlí 1970, og er þetta bókað um afgreiðsluna:

„Lagt fram bréf frá íbúðareigendum að Dvergabakka 2—20 varðandi uppsetningu og frágang handriða á húsinu. Vísað til ath. byggingarfulltr. Ráðstöðvanir gerðar strax“ (sic).

Næsta dag ritaði byggingarfulltrúi öllum meisturum hússins, þ. e. a. s. múrarmeistara, pípulagningameisturum og húsasmíðameistara, ákærða í málinu, svohljóðandi bréf:

„Við athugun, sem fram hefur farið á handriðum á húsinu nr. 2—20 við Dvergabakka svo og kvörtunum, sem borist hafa, skal tekið fram, að þau samrýmast ekki 69. gr. og 77. gr. byggingarsamþykktar fyrir Reykjavík. Það er því lagt fyrir yður, að þér látið bæta þar um, svo að slysaætta stafi ekki af. Uppdrætti af handriðum skal leggja fyrir byggingarfulltrúa til samþykktar.

Loka skal öllum svalahurðum á þeim íbúðum, sem flutt er í, og þar til framkvæmdum er lokið.

Einnig hafa borist kvartanir til byggingarnefndar um, að ábótavant sé eftirfarandi m. a.:

Vanti þak-niðurföll frá svölum, loftræstingu frá baðherbergjum, útloftun frá fallrörum og fl.“

20. ágúst s. á. svarar ákærði bréfi byggingarfulltrúa, svo og sendir Bústaður s/f honum bréf eða greinargerð sama dag, sem undirrituð var af Ingólfi Guðmundssyni f. h. félagsins.

Bréf ákærða var svohljóðandi:

„Ég hefi móttakið bréf yðar, herra byggingarfulltrúi, dagsett 10. júlí 1970, varðandi húsin nr. 2—20 við Dvergabakka hér í borg og vil af því tilefni taka þetta fram:

Hin samþykktá teikning af húsunum, sem ég ritaði á, ber greinilega með sér gerð þeirra svalahandriða, sem ég hefi haft umsjón með uppsetningu á, og tel ég því, að ég hafi í þessu efni farið eftir ákvæðum 17. greinar byggingarsamþykktar Reykjavíkur.

Mér er ekki ljóst, í hverju svalahandriðin samrýmast ekki 69. og 77. gr. byggingarsamþykktarinnar, og óskast nánari skýring á því frá yður.

Ég tel það ekki verksvið mitt að láta gera nýja uppdrætti af þeim húsum eða húshlutum, sem ég hefi áritað, né koma slíkum teikningum til yðar til samþykktar.

Ég tel mig ekki hafa heimild til þess að meina eigendum íbúða aðgang að þeim, a. m. k. ekki þar, sem búið er að setja upp svalahandrið samkvæmt samþykktum teikningum.

Ég vil benda á, að ekki er búið að setja upp handrið á húsunum nr. 2—8 við Dvergabakka, og voru þar í öryggisskyni negldar

þverslár fyrir allar svalahurðirnar, en íbúðaeigendur virðast hafa rífið þær brott jafnskjótt.

Húsin nr. 2—20 við Dvergabakka eru enn öll í smíðum. Ég tel mig ekki fá neinu ráðið um byggingarhraða húsa þeirra, sem ég árita sem meistari. En ég get vottað það, að framkvæmdum við húsin nr. 2—20 hefir verið haldið áfram óslitið frá byrjun og með síst minni krafti en venja er við slíkar byggingar, og engan íbúðareiganda hefi ég heyrt kvarta, hvorki um seinvirkni í framkvæmdum né galla á húsunum.“

Í bréfi Bústaðar s/f sagði m. a.:

„Gerð var teikning af húsunum nr. 2—20 við Dvergabakka, Reykjavík, sumarið 1967 af Ásmundi Ólasyni, og á teikningunni kemur greinilega fram gerð svalahandriða. Teikning þessi var samþykkt á fundi byggingarnefndar Reykjavíkur hinn 10. ágúst 1967.

Vorið 1969 voru sett upp handrið á húsunum nr. 10—20 við Dvergabakka, og kom byggingarfulltrúi þá sjálfur á staðinn, athugaði handriðin og hafði engar athugasemdir fram að færa við gerð þeirra.

Ekki er hægt að fallast á það álit byggingarfulltrúa, að handriðin samrýmist ekki 69. og 77. grein byggingarsamþykktar fyrir Reykjavík. Handriðin eru ekki lægri en 1 metri í samræmi við ákvæði 77. greinar. Það er að vísu rétt, að handriðin eru ekki af þeirri gerð, sem segir í 69. grein, enda er þar átt við innihandrið á stigum.

Í ákvæðum 77. greinar segir, að um gerð handriða á veggsvölum fari „eftir reglum 69. gr. eftir því, sem þær geta átt við“.

Eins og fyrr segir, samþykkti byggingarnefnd Reykjavíkur húsin nr. 2—20 við Dvergabakka með þeirri gerð handriða, sem þar koma greinilega fram, að eru gildar þverslár og því af allt annarri gerð en rimlahandrið þau, sem um ræðir í 69. grein byggingarsamþykktarinnar.

Ljóst virðist því vera, að reglur rimlahandriðanna geti ekki átt við gerð hinna gildu þversláahandriða, enda má sjá víðsvegar um borgina svipuð handrið og eru á húsunum við Dvergabakka, bæði ný og gömul, sem til þessa hafa hvorki verið talin hættuleg af byggingarfulltrúa né gefið tilefni til svo skeleggra viðbragða af hans hálfu“.

Í endurriti úr gerðabók byggingarnefndar frá 27. ágúst s. á. segir, að lagt hafi verið fram bréf Bústaðar s/f varðandi bygg-

ingar á lóðinni nr. 2—20 við Dvergabakka. Ekki er getið um afgreiðslu á bréfinu.

26. október 1970 skrifaði byggingarfulltrúi Bústað s/f, Safamýri 44, og ákærða svarbréf við bréfi frá 20. ágúst. Í bréfinu sagði m. a.:

„Ég vil samkvæmt 9. gr. byggingarsamþykktarinnar ítreka þá kröfu mína að fá sérteikningu af svalahandriðinu og sé þar gerð grein fyrir stífleika og festingum. Í 69. gr. er tiltekið um gerð handriða og þar stendur:

„Í íbúðarhúsum skal þannig gengið frá handriðum, að ekki stafi hætta af og má ekki vera lengra bil milli lóðréttra rimla en 15 cm“.

Í umræddum svölum eru ekki lóðréttir rimlar, og telur byggingarnefnd, að af þeim stafi hætta, og verður því að ráða bót á því“.

Byggingarfulltrúi skrifaði 16. desember 1970 til ákærða og Bústaðar s/f, Safamýri 44, svohljóðandi bréf:

„Þar sem enn hefur ekki borist svar við bréfi mínu frá 26. október s.l. varðandi svalahandrið hússins nr. 2—20 við Dvergabakka, megið þér búast við, að málið verði lagt fyrir byggingarnefnd til ákvörðunar, og jafnframt skal tekið fram, að þér berið fulla ábyrgð á slysum, sem kunna að verða vegna þess, að svalahandriðin eru ekki fullnægjandi“.

Í málinu hefur verið lagt fram bréf frá Guttormi Þormar verkfræðingi ásamt útreikningum. Bréf þetta er dagsett 12. apríl 1971 og stílað til „Hr. byggingarmeistari, Ingólfur Guðmundsson, Safamýri“. Nauðsynlegt er að taka hér upp bréf þetta í heild sinni, sbr. síðar:

„Samkvæmt beiðni þinni hefi ég reiknað út styrkleika svalahandriðs að Dvergabakka 2—20. Við útreikninga kemur í ljós, að handriðið er of veikt miðað við það álag, sem almennt er krafist. Þá hefi ég gert athugun á því, hvernig best er að styrkja handriðið og hefi þá gert ráð fyrir því, að byggt sé á því, sem fyrir er, fremur en að byggja nýtt, þar sem það hlýtur að verða ódýrara.

Ég hefi gert athugun á því að styrkja handlista með láréttu borði, sem ber þá á milli skilrúma á svölum. Vegna þess, hve mislangt er á milli skilrúma og þá einkum við horn, virðist nær útilokað að nota þessa lausn alls staðar með því að nota tré. Ég hefi því valið þá lausn að styrkja lóðréttu stafi og fylgja útreikningar á því hér með“.

Þann 26. apríl 1971 skrifaði byggingarfulltrúi ákærða svohljóðandi bréf:

„Þar sem enn hefur ekkert verið gert til lagfæringar á handriðum hússins nr. 2—20 við Dvergabakka, tilkynnist yður, að ég mun leggja málið fyrir fund byggingarnefndar 13. maí næst komandi og leggja til, að þér verðið sviptur réttindum til að mega standa fyrir byggingum í Reykjavík sem húsasmiður. Með bréfinu fylgja afrit af bréfum mínum til yðar varðandi málið frá 10. júlí, 26. október og 16. desember 1970“.

Ofangreindu bréfi svaraði ákærði með löngu bréfi eða greinargerð, dagsettu 4. maí 1971. Í upphafi bréfs síns rifjaði ákærði upp efni bréfs byggingarfulltrúa frá 10. júlí 1970 og svars síns frá 20. ágúst s. á. Síðan sagði orðrétt í svari ákærða:

„Þegar ég fékk framangreint bréf yðar, var ekki búið að setja upp svalahandrið á húsunum nr. 2—8 við Dvergabakka, en ég hafði við þau hús, sem og reyndar við öll húsin, látið negla gildar slár fyrir svalahurðir íbúðanna í öryggisskyni, meðan ekki var búið að ganga frá svalahandriðum.

Var þetta þó mjög erfitt viðhaldsstarf vegna stöðugs eftirlits, þar eð slárnar voru iðulega rifnar frá dyrunum fljótlega eftir að þær höfðu verið settar upp. En bæði húsbyggjandi og ég vorum samhentir í því að gera allt, sem unnt væri til þess að koma í veg fyrir slyshættu, og með góðri árvekni hefir allt farið vel og ekkert slys orðið á þessum vinnustað.

Enn rituðuð þér mér bréf hinn 26. október 1970. Í þessu bréfi ítrekið þér kröfu um að fá sérteikningu af svalahandriði og sé í teikningu gerð grein fyrir stífleika og festingum. Í þessu sama bréfi svarið þér fyrirspurninni í bréfi mínu frá 20. ágúst 1970 varðandi samrýmanleik svalahandriða við 69. og 77. gr. byggingarsamþykktarinnar á þessa leið:

„Í 69. gr. er tiltekið um gerð handriða og þar stendur: „Í íbúðarhúsum skal þannig gengið frá handriðum, að ekki stafi hætta af og má ekki vera lengra bil milli lóðréttra rimla en 15 cm“.

Athyglisvert er, að í þessu svari yðar minnst þér ekkert á 77. gr. byggingarsamþykktarinnar. Eins og fyrirsögn 14. kafla byggingarsamþykktarinnar og 69. grein hennar í heild bera mjög greinilega með sér, á ofangreint ákvæði 69. gr. einungis við um handrið á stigum. Ákvæði 77. gr. eiga hins vegar við um handrið á veggsvölum. Í þeirri grein segir, að handrið á veggsvölum fari

um gerð eftir reglum 69. gr., en þó einungis eftir því, sem þær geti átt við.

Gerð hinna samþykktu svalahandriða húsanna nr. 2—20 við Dvergabakka er, eins og hinar samþykktu teikningar bera augljóslega með sér, fjórar gildar þverslár, sem festar eru á sverar uppistöðuslár, og er deginum ljósara, að reglur 69. gr. um rimlahandrið í stigum geta ekki tekið til þessara gildu þverslárhandriða. Fjölmörg svalahandrið á nýjum húsum gefa og glögglega til kynna, að eigi verður um villst, að rimlareglum 69. gr. er ekki almennt beitt um svalahandrið, enda hefðu að öðrum kosti svalahandrið húsanna nr. 2—20 við Dvergabakka aldrei öðlast samþykki byggingarnefndar.

Mér bar því hvorki skylda til né tel ég mig hafa heimild sem húsasmiðameistari nefndra húsa að annast gerð sérteikninga eða breyta í einu eða einu út frá samþykktum teikningum húsanna og þar á meðal samþykktri gerð handriða þeirra. Þetta hefi ég tjáð yður skýrt og skorinort oftast en einu sinni, síðast þegar þér boðuðuð mig til fundar hjá yður hinn 10. nóvember 1970.

Það er því ekki sannleikanum samkvæmt, að minnsta kosti að því er mig varðar, þar sem segir í bréfi yðar, dags. 16. desember 1970, að ekki hafi borist svar við bréfi yðar frá 26. október 1970.

Eftir þennan fund okkar hefi ég ekkert frekar heyrt frá yður varðandi þessi mál þar til ég fékk bréf yðar, dagsett 26. apríl 1971, en það hljóðar svo:

„Þar sem enn hefur ekkert verið gert til lagfæringar á handriðum hússins nr. 2—20 við Dvergabakka, tilkynnist yður, að ég mun leggja málið fyrir fund byggingarnefndar 13. maí næstkomandi og leggja til, að þér verðið sviptur réttindum til að mega standa fyrir byggingum í Reykjavík sem húsasmiður. Með bréfinu fylgja afrit af bréfum mínum til yðar varðandi málið frá 10. júlí, 26. október og 16. desember 1970“.

Eins og ég hefi tekið fram við yður, tel ég það ekki innan starfsviðs míns sem meistara að láta gera sérteikningar af svalahandriðum húsanna nr. 2—20 við Dvergabakka eða breyta á nokkurn hátt út frá samþykktri gerð þeirra. Þér hafið ekki neytt heimildar 18. gr. byggingarsamþykktarinnar til þess að úrskurða um þetta atriði. Þvert á móti hefi ég haft réttmæta ástæðu til þess að ætla af þeim viðbrögðum yðar eftir svarbréf mitt frá 20. ágúst 1970 að stíla bréf yðar fyrst og fremst til byggjanda húsanna, Bústaðar s.f., að þér féllust á það álit mitt, að þessi málefni væru ekki

innan starfssviðs míns. Ekki verður heldur séð, að þér lítið svo á, að annað hafi verið byggt en leyfi standi til, því þá hefði yður borið skylda til að kæra til sakadómara skv. 99. grein byggingarsamþykktarinnar.

Af öllu framansögðu er ljóst, að ég hefi í engum áðurgreindum tilvikum brotið ákvæði byggingarsamþykktar eða önnur ákvæði, sem mér ber að fylgja í starfi mínu.

Tilkynning yðar til mín um, að þér munið leggja til, að ég verði sviptur starfsréttindum til þess að mega standa fyrir byggingum í Reykjavík sem húsasmiður, er því algerlega tilefnislaus, hefir ekki við nein rök að styðjast og verður á engan hátt réttlætt.

Tilkynningin, sem er bréfleg, er hins vegar til þess fallin að kasta rýrð á mig sem húsasmiðameistara, valda mér miska, álitshnekki og tjóni, enda er tilkynningin þegar komin í háamæli, að minnsta kosti hjá þeim, sem sömu störf stunda og ég.

Ég krefst þess, að þér nú þegar afturkallið skriflega framangreinda tilkynningu yðar til mín og ákvörðun þá, sem í henni felst.

Þá vil ég að lokum tjá yður, að ég geymi mér rétt til þess að krefja yður og/eða borgarsjóð Reykjavíkur um bætur fyrir allt tjón og miska, sem framangreint atferli yðar hefir þegar valdið mér, svo og síðari aðgerða af yðar hálfu, ef til þeirra skyldi koma“.

Í skýrslu Öryggiseftirlits ríkisins, dagsettri 19. maí 1971, kemur fram, að Garðar Halldórsson hefur að ósk byggingarfulltrúa skoðað svalahandriðin að Dvergabakka 2—20. Í skýrslunni segir orðrétt:

„Ég tel, að mikil slysaætta geti stafað af handriðum þessum, þar sem börn geta átt auðvelt með að klifra eftir hinum láréttu og lóðréttu listum handriðsins. Tel ég réttast, að slík svalahandrið séu endurbætt á íbúðarhúsum, t. d. með innri klæðningu eða þéttiklæðningu“.

Í gerðabók byggingarnefndar frá 10. júní 1971 segir:

„Lagðir fram uppdættir og útreikningar að breytingu svalahandriða (styrkleika) á húsinu nr. 2—20 við Dvergabakka. Formanni og byggingarfulltrúa falið að tilkynna byggjanda um kröfur byggingarnefndar varðandi öryggi handriða“.

18. sama mánaðar sendi byggingarfulltrúi bréf til Bústaðar s/f, Dvergabakka 2—16, c/o Ingólfur Guðmundsson, svohljóðandi:

„Á fundi byggingarnefndar 10. júní s.l. voru lagðir fram upp-

drættir og útreikningar að breytingu svalahandriða á húsinu nr. 2—20 við Dvergabakka. Nefndin tekur fram, að hún telur, að samkvæmt uppdráttum verði burðarþolið nægilegt, en vísar til fyrri afstöðu sinnar, að svalahandriðin þurfi að laga með tilliti til öryggis, og gerir þær kröfur til byggjandans, að hann láti lagfæra þau samkvæmt 69. grein byggingarsamþykktarinnar, þannig að ekki stafi hættu af að dómi byggingarfulltrúa.“

Byggingarfulltrúinn sendi síðan bréf til yfirsakadómara 5. október 1971, sem var svohljóðandi:

„Hinn 10. ágúst 1967 var samþykkt í Byggingarnefnd Reykjavíkur teikning að fjölbýlishúsi á lóðinni nr. 2—20 við Dvergabakka. Seint á árinu 1968 var farið að flytja í stigahúsið, en 1970 fóru íbúar að kvarta um gerð svalahandriða hússins og töldu þau hættuleg, og voru handriðin skoðuð. Var talið, að þau væru ekki í samræmi við 69. og 77. gr. byggingarsamþykktar, og að mati öryggiseftirlits ríkisins getur stafað hættu af frágangi þeirra. Miklar bréfaskriftir hafa síðan farið fram milli byggingarfulltrúa annars vegar og meistara eða byggjenda hússins hins vegar.

Við sendum yður hér með afrit af samþykktum teikningum og bréfaskriftum varðandi málið. Ósk okkar er sú, að Sakadómur Reykjavíkur láti fara fram rannsókn á, hvort umrætt svalahandrið fullnægi kröfum byggingarsamþykktar. Ef í ljós kemur, að brotin hafa verið ákvæði byggingarsamþykktar, verði sá, sem ábyrgð ber á því, látinn sæta ábyrgð að lögum.“

8. s. m. sendi dómurinn bréf byggingarfulltrúans ásamt fylgiskjölum til ákvörðunar saksóknara ríkisins vegna þess, að fulltrúi sá, er fékk málið til meðferðar, taldi vafa á, að refsiverð háttsemi hefði átt sér stað.

20. s. m. endursendi saksóknari skjölin og krafðist þess, að rannsókn sú, sem byggingarfulltrúi fór fram á, færi fram og skýrslur yrðu teknar af húsbyggjanda svo og þeim iðnmeisturum, sem að byggingu hússins hefðu staðið. Síðan sagði orðrétt í bréfinu:

„... Við rannsókn málsins sýnist rétt, að eftirfarandi verði upplýst af hálfu byggingarfulltrúa eða byggingarnefndar:

1. Meðferð byggingarnefndar á framlagðri teikningu hússins, sem samkvæmt áritun var samþykkt á fundi byggingarnefndar 10. ágúst 1967, og hvort og þá hvernig það samþykki taki til umbúnaðar svalahandriða eins og hann kemur fram á útlitsteikningu hússins. Með hliðsjón af föstu starfi þess manns, sem húsið teikn-

aði, Ásmundar Ólasonar, hjá borgarverkfræðingi óskast upplýst, hvort um hugsanlega meðferð hans eða hlutdeild í samþykkt teikningarinnar sé að ræða.

2. Hvort af hálfu byggingarnefndar sé talið, að með teikningu hússins hafi verið brotið í bága við ófrávikjanleg ákvæði byggingarsamþykktar eða annarra reglna um byggingamálefni og þá hver afgreiðsla byggingarnefndar sé eða muni verða á því máli, sbr. 97. gr. byggingarsamþykktar.

3. Í bréfi byggingarfulltrúa, dagsettu 10. júlí f. á., til fjögurra meistara hússins var fyrir þá lagt að framkvæma nánar tilgreindar endurbætur á húsinu. Upplýst verði, hvort af hálfu byggingarnefndar hafi ekki verið neytt heimildar samkvæmt 100. gr. byggingarsamþykktar til að framkvæma umkraðar endurbætur á kostnað aðila eða hvort það muni ekki verða gert.“

14., 18. og 25. september 1972 fór fram dómsrannsókn í málinu.

Fyrstur kom fyrir dóm 14. september Ásmundur Ólason, eftirlitsmaður hjá byggingarfulltrúa, Háaleitisbraut 149, fæddur 25. október 1911 í Reykjavík. Ásmundur kvaðst aldrei hafa verið í byggingarnefnd Reykjavíkurborgar og aldrei starfað fyrir hana nema sem fundarritari í örfá skipti. Að öðru leyti hefði hann ekki setið fundi hjá nefndinni. Ásmundur kvaðst hafa teiknað umrædda uppdrætti og sent þá til nefndarinnar með venjulegum hætti og hann hefði ekki á nokkurn hátt haft önnur afskipti af afgreiðslu málsins. Einnig tók Ásmundur fram, að það væri föst venja, ef einhver aðili í byggingarnefnd ætti teikningu, sem væri til afgreiðslu, þá viki hann sæti. Ásmundur tók fram, að þegar verkið, sem kært væri út af, var framkvæmt, hefðu ekki legið fyrir neinar vinnuteikningar frá hans hendi og hann hefði ekki haft nein afskipti af framkvæmd þess verks, hvorki fyrr né síðar.

Sama dag kom fyrir dóm ákærði. Ákærði upplýsti, að hann hefði ekki verið beittur neinum viðurlögum af hálfu byggingarfirvaldanna. Ákærði kvaðst hafa gert grein fyrir sínum málstað í bréfum til byggingarfulltrúa og kvaðst vilja skírskota til þeirra varðandi kæruatriði á sig. Bréf ákærða frá 20. ágúst 1970 og 4. maí 1971 voru þá lögð fyrir ákærða til athugunar. Að því loknu kvað ákærði þetta vera bréf þau, sem hann ætti við. Ákærði kvaðst vilja, að það kæmi fram, að á meðan á gerð handriðanna stóð, hefði byggingarfulltrúi komið sjálfur tvívegis á vettvang til að skoða framkvæmdina og hefði hann ekki gert neina athugasemd og verkið hefði verið langt komið, er bréf byggingarfulltrúans

frá 10. júlí 1970 barst og þar hefði verið um fyrstu aðfinnslu að ræða.

Er ákærði var að því spurður, hvort venja væri í starfsgrein hans að leggja fyrir byggingarnefnd sérteikningar af svalahandriðum, þá sagði hann, að það væri ekki venja, nema byggingarnefndin færi sérstaklega fram á slíkt. Ekki sagði ákærði það heldur venju, að vinnuteikning lægi fyrir slíkum handriðum, áður en framkvæmdir hæfust, stundum lægju þær fyrir og stundum ekki. Ákærði sagði það rétt, sem fram hefði komið hjá Ásmundi Ólasyni, að ekki hefðu legið fyrir í umrætt sinn vinnuteikningar, er verkið hófst, enda hefðu þær aldrei verið gerðar, enda ekki farið fram á slíkt, fyrr en verkinu var að ljúka.

Í þessu þinghaldi lagði ákærði fram ljósrit af bréfi byggingarfulltrúa til sín frá 26. apríl 1971, sbr. hér að ofan, en það hafði ekki fylgt kæru byggingarfulltrúa. Þá sagði ákærði, að bréfi sínu frá 4. maí 1971 hefði aldrei verið svarað og engar bréfaskriftir hefðu átt sér stað í málinu frá þeim tíma. Ákærði sagði að lokum, að margir mánuðir að minnsta kosti hefðu liðið frá því að byrjað var á framkvæmd verksins og þar til því var lokið.

18. september kom fyrir dóminn Ingólfur Guðmundsson húsa-smíðameistari, Safamýri 44, fæddur 23. júní 1910 í Reykjavík. Ingólfur kvaðst á sínum tíma hafa sent byggingarnefnd Reykjavíkur greinargerð um afstöðu sína til málsins með bréfi 20. ágúst 1970 og kvaðst vilja skírskota til þess og staðfesti jafnframt efni þess. Þá óskaði Ingólfur eftir, að kvörtunarbréf íbúðaeigenda, sem hratt málinu af stað, yrði lagt fram. (Bréfið fylgdi ekki kæru byggingarfulltrúa, en afrit þess var síðan sent dóminum af byggingarfulltrúa). Ingólfur kvaðst vilja upplýsa, að 2/3 af svalahandriðum fjölbýlishússins hefðu verið fullgerðir um það bil ári áður en hinn hlutinn, 1/3, var gerður, og var seinni áfanginn langt kominn eða lokið, áður en kvörtun barst. Ingólfur kvaðst einnig vilja taka fram, að á meðan á verki stóð, hefðu eftirlitsmenn byggingarfulltrúa komið á staðinn til að taka út ýmsa þætti seinni hluta byggingarinnar, þ. e. um 1/3. Ingólfur sagði, að eftirlitsmennirnir hefðu aldrei gert athugasemdir við svalahandriðin og reyndar heldur aldrei látið seðla fyrir úttekt þeirra, enda væri slíkt ekki venja. Ingólfur sagði það ekki fasta venju að leggja fram sérteikningar af svalahandriðum fyrir byggingarnefnd, en nefndin hefði heimild til að gera kröfu um slíkar teikningar, en þá væri það gert, áður en verk væri hafið. Að lokum sagði Ingólf-

úr, að byggingarnefndin hefði ekki beitt sig eða húsameistarana neinum úrræðum samkvæmt byggingarsamþykkt.

25. september kom í dóminn sem vitni Sigurjón heitinn Sveinsson, þáverandi byggingarfulltrúi Reykjavíkurborgar, til heimilis Kleifarvegi 15, fæddur 3. júlí 1918 á Siglufirði. Vitnið skýrði svo frá, að byggingarnefnd færi ekki ofan í einstök atriði væntanlegrar byggingar, svo sem svalahandrið, loftræstingu á þökum og fleira og fleira, enda séu frumuppdrættir í þeim mælikvarða, að erfitt sé að meta það hverju sinni. Hins vegar kanni byggingarnefnd hina ýmsu byggingarskilmála, sem viðkomandi embættismenn borgarinnar staðreyna, að séu eins og vera ber. Því bæri ekki að líta á samþykkið frá 10. ágúst 1967 sem samþykki á umbúnaði svalahandriðanna, og kvaðst vitnið með heimild í 9. gr. byggingarsamþykktarinnar telja sér heimilt að krefjast slíkra séruppdráttar og hefðu allir aðrir aðiljar en kærðu virt slíkar kröfur. Vitnið upplýsti, að alls ekki væri venja að heimta slíkar teikningar fyrir byggingarnefnd og ekki samhliða húsunum.

Vegna ummæla Ingólfs og Ívars um, að vitnið hefði komið sjálft á byggingarstað og ekki gert athugasemd við gerð handriðanna, sagði vitnið, að hvorugur þeirra hefði þá verið á byggingarstaðnum og ekki væri venja vitnisins að ræða málin á byggingarstaðnum, þar sem óviðkomandi menn væru oft viðstaddir, heldur á skrifstofu vitnisins. Þá væri heldur ekki hægt að úrskurða á staðnum styrkleika, þar sem slíkt krefðist mikilla útreikninga og með þá færi sérstakur verkfræðingur hjá embættinu, Gunnar Sigurðsson, sem lengi hefði starfað þar.

Varðandi fyrirspurn viðvirkjandi starfi Ásmundar Ólasonar, sbr. bréf saksóknara ríkisins frá 20. október 1971, tók vitnið fram, að föst venja væri, að þeir, sem legðu mál fyrir byggingarnefnd, vikju af fundi, þegar þeirra mál væru tekin fyrir, og væri það í samræmi við ákvæði í byggingarsamþykkt. Varðandi tölulið nr. 2 í bréfinu sagði vitnið, að það teldi, að 97. greinin ætti ekki við í þessu sambandi, þar sem höfundur uppdráttarinnar hefði ekkert brotið af sér og vitnið hefði ekki haft neitt samband við hann út af þessu. Um 3. tölulið sagði vitnið, að ekki hefði verið farið út í að gera endurbætur á kostnað aðilja og alltaf sé vandamál, hvort þessu úrræði væri beitt. Vitnið tók við embætti sínu árið 1964 og hefði slíkum úrræðum ekki verið beitt í embættistíð þess, enda á því margir erfiðleikar.

Vitnið tók fram, að efni bréfs frá 26. apríl 1971 hefði verið

tekið fyrir í nefndinni, en ákærði hefði ekki verið sviptur réttindum sínum, enda hefði hann mætt á skrifstofu vitnisins og rætt málin og skýrt sín sjónarmið.

Sama dag kom fyrir dóm Sigfús Jónsson múrarameistari, Laugarnesvegi 60, fæddur 28. mars 1928 á Vopnafirði. Sigfús upplýsti, að hvorki hann né neinn undir hans stjórn hefði haft nokkur afskipti af uppsetningu á svalahandriðunum, sem kært væri út af. Sigfús upplýsti, að töluvert af boltunum, sem handriðin væru fest í, hefðu verið steyptir í. Sigfús kvaðst að öðru leyti ekki muna, hvernig svalahandriðunum væri fest í múrverkið, þar sem hann hefði ekkert komið nálægt þessu verki.

3. október 1972 var framangreind dómsrannsókn send saksóknara ríkisins, og gaf hann út ákæru í málinu, eins og áður segir, 8. mars 1973. 21. s. m. var ákæran birt í dómnum fyrir ákærða, og óskaði hann í framhaldi af því, að Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður yrði skipaður verjandi sinn. Með bréfi dómsins, dagsettu 8. maí 1973, var lögmaðurinn skipaður verjandi. Verjandinn skrifaði dómnum bréf 1. júní 1973 og óskaði eftir frekari rannsókn í málinu. Í bréfinu segir m. a.:

„Í bréfi yðar er spurst fyrir um það, hvort frekari rannsóknar sé óskað af hálfu ákærða.

Í tilefni þessa vil ég taka fram, að ég tel ekki nægilega fram komið varðandi bréf saksóknara ríkisins til sakadóms Reykjavíkur, dags. 20. október 1971, sérstaklega liði 1 og 2 í bréfinu.

Ég tel nauðsynlegt, að húsameistarinn Ásmundur Ólason sé inntur eftir því, hvort svalahandrið húsanna nr. 2—20 við Dvergabakka hér í borg sé í ósamræmi við samþykktu teikningu, og sé svo, þá að hvaða leyti.

Ekki er hægt að komast hjá að sjá víðsvegar um borgina ýmsar byggingar, þar sem svalahandrið eru af sömu eða svipaðri gerð og á húsunum nr. 2—20 við Dvergabakka hér í borg. Vil ég þar af handahófi nú nefna þessi hús: Barónsstígur 79, Bergstaðastræti 48, Búland 9—19, Efstaland 2—6, Álftamýri 53—57, Freyjugata 46, Fjölнисvegur 10, Gunnarsbraut 34, Hringbraut 69—71, Írabakka 18—34, Jörfabakka 20—32, Víkurbakka 18 og 30—34.

Þessar byggingar spanna talsvert tímabil, og tel ég nauðsynlegt, að upplýst verði um samþykktir teikninga af húsum þessum, sérteikningar af svölum og athugasemdir, ef einhverjar hafa verið um byggingu og frágang svalahandriða þessara bygginga“.

22. janúar 1975 taldi dómsformaðurinn nauðsynlegt með heim-

ild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 74/1974 að dómkveðja til starfa með sér í málinu sem dómara tvo kunnáttumenn um byggingarmál-efni. Til þessa starfa kvaddi dómariinn byggingaverkfræðingana Pál Hannesson, Grænutungu 3, Kópavogi, og Edgar Guðmundsson, Vesturbergi 49, Reykjavík. 26. febrúar s. á. gengu dómarnir á vettvang. Á vettvang komu einnig ákærði og verjandi hans, 3 starfsmenn dómsins svo og Dagbjartur Sigurbrandsson, formaður húsfélagsins að Dvergabakka 2—20, og Rögnvaldur Andrésson, stjórnarmaður í sama félagi. Dómarar skoðuðu um á vettvangi (sic) og létu taka þar ljósmyndir.

Ásmundur Ólason kom á ný fyrir dóminn sem vitni 25. apríl 1975 svo og Dagbjartur Sigurbrandsson.

Vitnið Ásmundur kvaðst telja, að svalahandrið húsanna nr. 2—20 við Dvergabakka væru í ósamræmi við samþykktu teikningu frá 10. ágúst 1967. Vitnið sagði, að að sínu viti væru svalahandriðin í ósamræmi við teikninguna, í fyrsta lagi, þar sem ekki hefði verið girðing eða millipil milli svalahluta hinna einstöku íbúða, og í öðru lagi af því, að lóðréttu trén væru ekki reist upp á hákant, heldur á flatinn. Vitnið tók fram til frekari skýringar, að það hefði á sínum tíma gert samkvæmt beiðni Ingólfs Guðmundssonar sérstakan uppdrátt af íbúðagerðum í húsinu í hlutföllunum 1:50, sem nota átti við sölu á íbúðunum. Vitnið kvaðst vilja taka fram, að aldrei hefðu verið höfð samráð við sig varðandi gerð greindra svalahandriða og búið hafi verið að slá þeim upp að hluta, er það kom eitt sinn úr sumarleyfi. Framangreinda teikningu í hlutföllunum 1:50 kvaðst vitnið hafa afhent Ingólfi Guðmundssyni, en byggingarnefnd Reykjavíkur hefði ekki fengið teikninguna. Vitnið sagði, að ekki væri skylda að skila slíkri teikningu til byggingaryfirvalda, nema þess væri sérstaklega krafist. Vitnið kvaðst ekki geta bent á fleiri atriði um ósamræmi milli gerðar handriðs og teikningar, enda kvaðst vitnið aldrei hafa séð mannvirkið nema tilsýndar, en aðrir embættismenn hefðu skoðað bygginguna.

Aðspurt sagði vitnið, að sér væri ekki kunnugt um, að verkfræðingur hefði gert nánari lýsingu á handriðinu, áður en það var reist. Hins vegar sagði vitnið, að sér hefði verið sagt, að Guttormur Þormar hefði gert verkfræðilýsingu eða teikningu á handriðinu, eftir að byggingarfulltrúi gerði athugasemd við það. Gerði vitnið ráð fyrir, að það hefði verið gert í sambandi við styrkleika eða stífleika handriðsins. Vitnið sagði, að ekki reyndi

á það fyrr en að sérteikningu kæmi, hvaða kröfur væru gerðar til efnistegundar og efnisgæða svo og styrkleika, sem nota á við handriðasmiði.

Vitnið sagði, að sér hefði verið kunnugt um athugasemd slökkviliðsstjóra, sem fram kom, áður en teikningin var samþykkt. Vitnið sagði, að það atriði leystist af sjálfu sér við gerð sérteikningar.

Vitnið sagði, að mjög víða væru lárétt bönd á svalahandriðum, þó að að öðru leyti mætti segja, að ekkert handrið væri eins og annað.

Vitnið skýrði svo frá, að það hefði ekki verið fyrr en í tíð Sigurjóns heitins Sveinssonar byggingarfulltrúa, að farið var að gera athugasemdir við þverbönd á svalahandriðum.

Vitnið sagði, að sér væri ekki kunnugt um, að í upphafi hafi verið krafist sérteikninga af embætti byggingarfulltrúa af umræddu svalahandriði, og sú krafa hefði ekki komið fram fyrr en verkið var komið áleiðis.

Vitnið upplýsti, að það væri ekki venja hjá öllum, sem gerðu aðalteikningu af húsi, að annast eftirlit á byggingarstaðnum og gera séruppdraetti af byggingarhlutum, enda væri slíkt samningsatriði milli aðilja. Vitnið kvaðst aðeins hafa tekið að sér að gera aðalteikningu af umræddu húsi, en ekki eftirlit eða sérteikningar, frekar en komið er fram hér að ofan.

Vitnið var spurt, hvar kæmu fram á framlögðum teikningum milligerðir svalahluta hinna einstöku íbúða. Vitnið sagði, að það kæmi fram á blaði nr. 3 í aðalteikningu. Vitnið sagði, að það hefði verið sín hugmynd að hafa svalahandriðin eins og fram kemur á aðalteikningu. Vitnið sagði, að sér hefði ekki verið kunnugt, er það gerði uppdráttinn, um aðfinnslur á þverböndum svalahandriða, enda hefði teikningin verið samþykkt athugasemdalaust.

Vitnið mundi ekki til þess að hafa tilkynnt Ingólfi Guðmunds-syni eða Bústað s/f um athugasemd slökkviliðsstjóra, sem getið er um hér að framan.

Vitnið kvaðst ekki hafa haft nein samráð við verkfræðing um gerð svalahandriða, enda sé slíkt ekki venja, en vitnið kvaðst sjálft vera byggingafræðingur.

Vitnið sagði, að skilyrðislaust hefði átt að gera sérteikningu af svalahandriðunum og það hefði átt að koma í sinn hlut eða verkfræðings hússins í samráði við sig.

Vitnið var spurt að því í ljósi síðasta svars, hvað það hefði gert í málinu, er það kom úr framangreindu frii og sá framkvæmdir.

Kvaðst vitnið ekkert hafa þurft að gera, þar sem byggingaryfirvöld voru þegar komin í málið.

Vitnið kvaðst ekki minnast þess, að það hefði komið til tals í samræðum við Ingólf Guðmundsson, að hinar lóðréttu uppistöður ættu að vera á hákant, en ekki á flatkant. Hins vegar minntist vitnið þess, að Ingólfur ræddi oft en einu sinni um milligerðir á milli svalahluta hinna einstöku íbúða, sem hann vildi fá gerðar á eins hagkvæman máta og hægt væri, en vitnið kvaðst aldrei hafa tekið það verk að sér. Ekkert var rætt um staðsetningu milligerða.

Aðspurt, hve langt handriðagerðin hefði verið komin, er vitnið sá framkvæmdir, kvaðst vitnið ekki muna eftir öðru en þetta hefði verið á austurhliðinni.

Vitnið sagði að lokum, að tilefnið til sérstakra umræðna um milligerðir kunni að hafa verið frágangur á slíkum milligerðum í öðru húsi.

Vitnið Dagbjartur Sigurbrandsson rafvirki, Dvergabakka 8, fæddur 30. október 1946 í Reykjavík, skýrði svo frá, að hann hefði keypt íbúð að Dvergabakka 8 í október 1969 af Bústað s/f fyrir milligöngu Árna Stefánssonar hæstaréttarlögmanns. Íbúðin var seld tilbúin undir tréverk, og átti öll sameign að vera fullfrágengin. Vitnið kvaðst hafa flutt inn 22. ágúst 1970.

Vitnið kvaðst hafa starfað í tveimur framkvæmdastjórnnum húsfélagsins að Dvergabakka 2—20. Í fyrri stjórninni var vitnið gjaldkeri, en mundi ekki, hvenær hún starfaði, og í þáverandi stjórn, sem tók til starfa í október sl., var vitnið formaður. Vitnið kvaðst búa í nýjustu álmunni, eða vesturálmunni, sem í væru 4 stigahús af 10 stigahúsum í allri byggingunni. Í allri byggingunni væru 60 íbúðir. Vitnið vissi ekki nákvæmlega, hvenær var byrjað að setja upp svalahandrið, en í nýjasta hlutanum var ekki byrjað á því, er vitnið flutti inn. Taldi vitnið, að á álmunni nr. 2—8 hefðu handriðin verið sett upp 1970—1971. Vitnið mundi ekki, hvenær verkinu var lokið eins og það var þá, en kvaðst geta séð það í fundagerðabókum. Vitnið sagði, að engin milligerði væri á svölunum, en hins vegar lokuðust þær við gaflana.

Vitnið sagði, að af hálfu íbúðaeigenda hefði ekkert viðhald átt sér stað á svalahandriðunum.

Vitnið kveðst ekki vita til, að neinn sérstakur ágreiningur væri við seljanda, svo teljandi væri, út af öðrum atriðum en gerð

handriða, en þó væri um að ræða ágreining út af loftræstikerfi horníbúða og leka á göflum.

Vitnið kvaðst hafa, áður en það gekk frá kaupsamningi, fengið að sjá allar teikningar, bæði aðalteikningar og vinnuteikningar á byggingarstað.

Vitnið sagði að ástæðan til þess, að handriðunum hefði ekki verið haldið við, væri sú, að kaupendur hefðu litið svo á, að seljanda hefði borið að setja upp milliverk á milli svalahluta hinna einstöku íbúða og þar sem það hefði ekki verið gert, hefðu íbúðaeigendur litið svo á, að seljendur væru ekki búnir að skila verkinu af sér.

Er vitnið gekk frá kaupsamningi sínum, var búið að reisa fyrsta og annan áfanga byggingarinnar og m. a. setja þar upp svalahandrið. Vitnið kvaðst hafa rætt við Ingólf og Pétur son hans á staðnum og hefði vitninu skilist á Ingólfi, að setja ætti milliverkin á allt húsið í einu. Er vitninu minnstætt, eftir að kaupin voru gerð, að Ingólfur fór með vitninu upp á svalir og sýndi því nákvæmlega, hvar milligerðir á íbúð þess ættu að vera.

Vitnið kvaðst hafa haft mikinn áhuga á að kaupa íbúð í öðrum áfanga byggingarinnar, en hafi misst af kaupum þar. Vitnið minnti fastlega, að þá væri búið að setja upp handrið á fyrsta áfanga, austurálm.

7. maí 1975 ritaði byggingarfulltrúi dómsformanni svohljóðandi bréf:

„Í framhaldi af bréfi okkar frá 5. okt. 1971, þar sem beðið er um rannsókn á svalahandriðum á húsinu nr. 2—20 við Dvergabakka, skal það tekið fram, að krafa okkar er sú, að ef handriðin fullnægja ekki kröfum byggingarsamþykktar fyrir Reykjavík, verði úr því bætt“.

Dómsformaður ritaði 28. s. m. ríkissaksóknara svohljóðandi bréf:

„Hér með sendist yður, herra ríkissaksóknari, ljósrit af bréfi byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar, dagsettu 7. þ. m., varðandi framangreint mál, þar eð eigi verður séð, að þargreind krafa rúmist innan ákæru málsins“.

4. júní 1976 kom samkvæmt eigin ósk á ný fyrir dóminn vitnið Dagbjartur Sigurbrandsson til að bera nánar um tímasetningar á þeim atriðum, sem hann bar um. Vitnið kvaðst hafa starfað sem gjaldkeri í framkvæmdastjórn húsfélagsins frá 13. mars 1972

til 24. maí 1973. Þá kvaðst vitnið vilja leiðrétta, að það hefði tekið við formennsku í næstliðnum desember, en ekki í október, eins og það taldi. Loks upplýsti vitnið, að það hefði ekki getað fundið í bókum félagsins, hvenær svalahandrið voru sett upp á hinum einstöku álmum byggingarinnar.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Guttormur Vigfússon Þormar verkfræðingur, Ljósheimum 4, fæddur 7. október 1925 að Hofteigi, Jökuldal. Vitnið skýrði svo frá, að það hefði gert eftirfarandi verkfræðiteikningar fyrir byggjanda Dvergabakka 2—20. Járnateikningar fyrir allt húsið, frárennslislögn og sennilega líka vatnslögn í grunn svo og þakteikningu. Eftir að búið var að setja upp svalahandriðin og kvartanir fóru að berast, það Ingólfur Guðmundsson vitnið að gera styrkleikaútreikninga á svalahandriði og tillögu um styrkingu á því, sem fyrir var. Áður en vitnið samdi greinargerð sína, kvaðst það hafa farið á vettvang og skoðað allar aðstæður, og hélt vitnið, að engu hefði verið breytt frá þeim tíma. Vitnið sagði, að verkefni sitt hefði fyrst og fremst verið að reikna út styrkleikann, en sér hefði ekki verið falið að gera tillögur til úrbóta með tilliti til öryggis, svo sem að hindra, að börn gætu klifrað upp þverböndin.

Vitnið athugaði þá greinargerð, sem því er eignuð hér að framan, og sagði, að hér væri um að ræða skýrslu þá, sem það gerði fyrir Ingólf Guðmundsson.

Sérstaklega aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa gert neina sérteikningu af svalahandriðunum, áður en þau voru sett upp.

Aðspurt, hvort vitnið teldi, að það efni, sem í handriðunum sé, væri nægilega gott sem burðarvirkisefni, sagðist vitnið ekki telja, að svo væri, þar sem of margir kvistir væru á hættulegum stöðum, enda gert ráð fyrir því, að styrkingin yrði aðal burðarvirkið.

Vitnið var spurt að því, við hvað væri átt með burðarvirkisstyrkleika. Vitnið sagði, að átt væri við, að spennur í burðarvirkinu væru innan ákveðinna marka miðað við ákveðið álag.

Er vitnið vann að áðurgreindum teikningum vegna byggingarinnar Dvergabakka 2—20, kvaðst það hafa stuðst við samþykktu byggingarnefndarteikningu af húsinu.

Vitnið kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir því, hvort handriðið í heild hefði fullnægt styrkleikaskilyrðum, ef uppistöðurnar hefðu verið á kant, en ekki á flatinn.

Þar sem í greinargerð vitnisins er talað um, að handriðið sé of

veikt miðað við það álag, sem „almennt er krafist“, upplýsti vitnið, að á umræddum tíma hefðu ekki verið til neinir íslenskir staðlar um þessi atriði, en það hefði í störfum sínum stuðst við staðla frá Noregi, Svíþjóð eða Danmörku, en þeir væru mjög svipaðir.

Vitnið sagði, að sér hefði ekki verið kunnugt um, er það var beðið að gera tillögu um styrkingu á handriðunum, að slökkviliðsstjóri hefði gert tillögu um, að lóðréttir stafir í svalahandriðunum væru úr eldtraustu efni.

Aðspurt kvaðst vitnið ekki geta svarað því, hvort viðkomandi festingar hefðu verið nothæfar, hefðu lóðréttu stafirnir verið á hákant, en ekki á flatinn.

Sama dag kom á ný í dóminn ákærði, sem kvaðst vera eignaraðili að Bústað s/f, en þeir væru samtals 5, auk ákærða 3 bræður hans svo og faðir hans Ingólfur. Ingólfur ætti 80%, en þeir bræðurnir 5% hver. Eignarhlutdeildin var með sama hætti, er ákærði tók að sér smíði hússins að Dvergabakka 2—20.

Ákærði sagði, að húsið hefði verið reist í þremur áföngum. Ákærða minnti, að verkið hefði hafist vorið 1968. Þá voru steipt upp húsin nr. 20, 18, 16 og 14, eða austurálman, og var unnið stanslaust áfram við verkið, og minnti ákærða, að það hefði tekið um 2 ár að steypa upp allt húsið. Ákærði sagði, að umrædd handrið hefðu verið sett upp í áföngum, og kvaðst ákærði ekki geta sagt um að óathuguðu máli, hvenær hinum ýmsu áföngum var lokið.

Ákærði kvaðst ekki hafa fengið neina tilkynningu um, að hann hefði verið sviptur atvinnuréttindum.

Ákærði kvað sér kunnugt um, að Ingólfur Guðmundsson hefði fengið Guttorm Þormar til þess að gera athuganir á svalahandriðunum, m. a. á styrkleika þeirra. Ákærði kvaðst á sínum tíma hafa séð skýrsluna, en það hefði verið mat Ingólfs á sínum tíma, að ekki væri ástæða til aðgerða, enda hefðu kvartanir kaupenda fyrst og fremst beinst að útliti svalanna, en ekki að styrkleika þeirra, auk þess sem þeir töldu sig ekki hafa leyfi til að breyta útliti hússins. Ákærði kvaðst hafa verið sammála þessari skoðun Ingólfs, þar sem ekki hefði borist neitt formlegt svar frá byggingarfulltrúa. Eftir að ákærði hafði skoðað bréf byggingarfulltrúa frá 18. júní 1971, kvaðst hann ekki hafa séð þetta bréf áður. Ákærði sagði, að Bústaður s/f hefði alltaf verið talið til heimilis að Safamýri 44.

Ákærði athugaði síðan ljósmyndirnar, sem teknar voru við

vettvangsskoðunina, og kvaðst aðspurður telja, að timbrið í svalahandriðunum, sem ljósmyndirnar væru af, væri fullnægjandi efni í slíkt mannvirki. Ákærði bætti því við, að ekki væri til bóta, að ekki hefði verið um viðhald á handriðunum að ræða öll þessi ár.

Ákærði kvaðst vilja benda á, að á tveim ljósmyndum væru til dæmis lítil vinkiljárn, sem ekki væru frá honum komin.

Ákærði kvaðst telja, að skotnaglar þeir, sem notaðir voru til að festa lóðréttu stafina efst í þakskeggið, hefðu verið fullnægjandi á sínum tíma, en allt gæti bilað. Þetta hefði verið samhljóða álit sitt og Ingólfs Guðmundssonar, en vinnuteikningar hefðu ekki legið fyrir. Ákærði sagði, að ástæðan fyrir þessum frágangi hefði verið sú, að skyggni yfir efstu svölum hefði að hans dómi verið of þunnt fyrir borun.

Ákærði sagði, að aldrei hefðu legið fyrir neinar vinnuteikningar af svalahandriðunum, heldur hefði hann látið smíða þau skv. áðurgreindri útlitsteikningu og starfsreynslu sinni.

Ákærði kvaðst ekki muna til þess, að arkitekt hússins hefði nokkurn tíma sett út á frágang svalahandriðanna, þó að hann hefði komið þarna í tugi skipta til úttektar á verkinu, áður en klögmál hófust.

Ingólfur Guðmundsson kom á ný fyrir dóminn sem vitni, enda skoraðist hann ekki undan því að bera í málinu, 11. júní 1975. Aðspurt, hvaða verkefni Ásmundur Ólason hefði tekið að sér, sagði vitnið, að hann hefði tekið að sér að gera byggingarnefndarteikningu af húsinu og fá hana samþykktu hjá byggingaryfirvöldum. Einnig taldi vitnið, að sonur Ásmundar, Óli, hefði einnig unnið að teikningunum, þar sem þeir feðgar ynnu saman að slíkum verkefnum. Hins vegar tók Ásmundur ekki að sér gagnvart vitninu að hafa eftirlit á byggingarstaðnum, þótt hann hefði tekið út vissa byggingarþætti, sem úttektarskyldir eru, sem starfsmaður Reykjavíkurborgar. Ásmundur gerði ekki aðrar teikningar fyrir vitnið, hvorki vinnuteikningar né aðrar. Vitnið kvaðst ekki minnst þess, að Ásmundur hefði teiknað fyrir sig samkvæmt beiðni sérstakan uppdrátt af íbúðagerðum í húsinu í hlutföllunum 1:50, sem nota átti við sölu á íbúðunum. Þá upplýsti vitnið, að Guttormur Þormar verkfræðingur hefði gert járnateikningar af húsinu og ef til vill fleiri, en aðrar verkfræðiteikningar hefði Þráinn Karlsson verkfræðingur gert.

Vitnið sagði, að Ásmundur hefði komið á byggingarstaðinn svo

og Óli sonur hans og hefði hvorugur þeirra haft á móti því, að lóðréttu trén væru reist upp á flatinn.

Varðandi það atriði í framburði Ásmundar, að aldrei hefðu verið höfð samráð við hann varðandi gerð svalahandriðanna og búið hefði verið að slá þeim upp að hluta, er Ásmundur kom eitt sinn úr sumarleyfi, sagði vitnið, að það sæist glögglega í úttektar-bók hússins, að Ásmundur hefði komið þarna oft.

Varðandi það atriði í framburði Ásmundar, að setja hefði átt girðingu eða millipil milli svalahluta hinna einstöku íbúða, sagði vitnið, að slíkt kæmi ekki fram á uppdráttum og engin fyrirmæli hefðu verið gefin um slíkt.

Vitnið sagði, að sér hefði verið kunnugt um athugasemd slökkviliðsstjóra, sem fram kom áður en teikningin var samþykkt. Vitnið sagði, að eldvarnarefnið, sem borið var á uppistöðurnar, hefði verið valið í samráði við Ásmund. Vitnið sagði, að eldvarnarefnið hefði verið borið á uppistöðurnar, en gat ekki nafngreint það eftir allan þennan tíma.

Vitnið sagði, að það hefði sjálft ritað sem húsasmíðameistari á allar teikningar, sem Bústaður s/f hefði reist, nema þessa einu, sem Ívar ritaði á, og það hefði nánast verið tilviljun, þar sem vitnið var erlendis, er botnplata hússins var steyp't.

Vitnið skýrði svo frá, að aldrei hefði verið gerð nein sérteikning af svalahandriðunum, en vitnið kvaðst hafa rætt gerð þeirra mik-ið við Ásmund, t. d. um festingar og þess háttar og sé til eitt sýnishorn af festingum.

Vitnið kvaðst alls ekki kannast við að hafa falið Guttormi Þormar að gera fyrir sig útreikninga þá, sem hann hefði borið um, heldur muni það hafa verið Sigurjón heitinn Sveinsson byggingarfulltrúi. Vitnið kvaðst kannast við, að Guttormur Þormar hefði sent sér skýrsluna, en ekki kvaðst það hafa beðið um hana og ekki greitt fyrir hana. Vitninu var bent á, að Guttormur hefði borið í dóminum, að hann hefði gert skýrsluna að beiðni vitnis-ins. Vitnið sagði, að hér hlyti að vera um rangminni að ræða. Vitninu var einnig bent á, að ákærði hefði borið í næsta þinghaldi á undan, að honum hefði verið kunnugt um, að vitnið hefði fengið Guttorm til starfans. Vitnið sagði, að þetta hlyti að vera einhver misskilningur.

Vitnið skoðaði þá bréf byggingarfulltrúa frá 26. apríl 1971. Vitnið sagði, að bréf þetta hefði ekki borist til sín, enda hefði Bústaður s/f aldrei haft heimilisfang að Dvergabakka 2—16.

Vitnið kvaðst ekki geta sagt um, hvenær lokið var við svalahandriðin á hinum einstöku álmum byggingarinnar, en það hefði verið gert á mismunandi tímum eftir því sem byggingunni hefði þokað áfram. Vitnið kvaðst hafa megnið af afhendingarseðlum íbúðanna og þeir kynnu að gefa upplýsingar um þessi atriði. Við dagsetningar á afhendingarseðlum yfir íbúðirnar, sem seldar voru tilbúnar undir tréverk, var ýmist búið að ganga frá svalahandriðum viðkomandi íbúða eða ekki. Ekki gat vitnið sagt um, hvenær framkvæmdum við svalahandriðin var endanlega lokið.

Vitnið sagði, að kaupendurnir hefðu aldrei kvartað við sig um frágang svalahandriða, nema ef telja skyldi, að einhverjir hefðu minnst á það, er vitnið hitti þá, að börn gætu gengið upp eftir þverslánunum. Vitnið kvaðst fyrst hafa heyrt um kvörtunarbréf kaupendanna með þeim hætti, að hann hefði frétt, að maður, Stefán Þorsteinsson, sem ekki væri eigandi, hefði gengið um með undirskriftarlista og verið vísað út sums staðar.

Vitnið sagði, að Ásmundur hefði aldrei vakið athygli sína á því, að gera þyrfti sérupphrátt af svalahandriðunum, en þeir hefðu oft rætt saman, eins og menn gera á vinnustöðum.

Vitnið upplýsti, að við smíði handriðanna hefðu unnið Haraldur Ágústsson húsasmiður, Rauðalæk 22, Haraldur Haraldsson húsasmiður, Hraunbæ 17, og Hjörtur Guðmundsson, Ljósheimum 16 B, og ættu þessir menn að geta borið um ferðir Ásmundar og Óla á staðinn, er unnið var við lokagerð svalahandriða.

Vitnið sagði, að í hverri álmu byggingarinnar hefði vinna við uppsteypun, þússningu og málningu verið lokið, er gerð svalahandriða hófst.

Eftir að vitnið hafði skoðað ljósmyndirnar af svölum, sagði það, að efnið, sem myndirnar væru af, væri að sínum dómi fullnægjandi sem burðarvirkisefni.

Vitnið sagði, að gildleiki lóðréttra stafa og þverbanda hefði verið ákveðinn í samráði við Ásmund Ólason.

Vitnið kvaðst af hálfu Bústaðar s/f hafa ráðið framkvæmdum við byggingu hússins.

Í síðastgreinda þinghaldinu lagði verjandi ákærða fram ljósrit af úttektarbók fyrir fjölbýlishúsið. Síðasta færslan er þar dagsett 2. apríl 1970. Samkvæmt endurritinu eru húsin 18—20 tekin út sem foheld 29. apríl 1968, nr. 14—16 10. júní s. á., nr. 10—12 11. nóvember s. á., nr. 6—8 13. nóvember 1969 og nr. 2—4 12.

desember s. á. Botnplötur, samkvæmt sama ljósriti, að húsinu eru teknar út, af nr. 14—20 4. september 1967, nr. 10—12 20. maí 1968 og 6. júní 1969 af nr. 2—8. Samkvæmt úttektarbókinni hefur Á. Ó. (Ásmundur Ólason) komið í nokkurn tug skipta sem eftirlitsmaður á byggingarstað og síðast í desember 1969.

6. nóvember 1975 fór fram sampröfun í málinu. Ingólfur Guðmundsson var þá samprófaður við Guttorm Vigfússon Þormar og Ásmund Ólason. Einnig kom þá fyrir dóm Haraldur Ágústsson.

Er vitnin Ingólfur og Guttormur voru komin fyrir dóm, var þeim bent á, að samkvæmt framburði Guttorms hefði hann gert sína útreikninga að beiðni Ingólfs, en sá síðarnefndi hefði ekki viljað við það kannast, þótt hann hins vegar hefði viðurkennt, að Guttormur hefði sent sér þá. Ingólfur kvaðst þá halda fast við framburð sinn og Guttormur kvaðst styðjast við það, sem fram kæmi í bréfi hans til Ingólfs, sem útreikningarnir voru sendir með. Vitnin voru bæði sammála um, að Ingólfur hefði ekki greitt fyrir verkið, enda kvaðst Guttormur ekki hafa sent reikning, þar sem hann væri ekki harður „reikningsmaður“. Báðir aðiljar voru sammála um, að Guttormur hefði unnið mikið fyrir Ingólf. Ingólfur kvaðst ekki hafa lagt útreikninga Guttorms fyrir byggingarnefnd, en Guttormur kvaðst ekki geta sagt um það, en taldi líklegt, að Gunnar Sigurðsson, þáverandi verkfræðingur hjá byggingarfulltrúa og núverandi byggingarfulltrúi, hefði farið yfir þessa útreikninga. Ingólfur sagði, að greitt hefði verið fyrir öll verk í sambandi við Dvergabakka 2—20, og kvaðst Guttormur ekki vefengja það.

Eftir að Guttormur hafði vikið úr dóminum, kom Ásmundur til þings og var þá samprófaður við Ingólf. Vitnunum var bent á, að fram hefði komið hjá Ásmundi, að hann hefði á sínum tíma gert samkvæmt beiðni Ingólfs sérstakan uppdrátt af íbúðagerðum í húsinu í hlutföllunum 1:50, sem nota hefði átt við sölu á íbúðunum, en Ingólfur hefði ekki minnst þess að hafa beðið Ásmund um slíkt. Ásmundur kvaðst vera reiðubúinn að leggja fram þa uppdrætti, sem hann hefði í förum sínum af þessum íbúðagerðum.

Vakin var athygli vitnanna á því, að mikið bæri á milli í framburðum þeirra um samskipti þeirra varðandi svalahandriðin, þ. e. a. s. að Ingólfur teldi, að hann hefði oft rætt við Ásmund um gerð og frágang svalahandriðanna, en Ásmundur hefði borið, að hann hefði ekki haft nein afskipti af gerð þeirra og frágangi. Síðan voru þau atriði í framburði Ingólfs, sem snerta þetta, lesin

fyrir Ásmund. Ásmundur kvaðst vísa til fyrri framburðar síns um afskipti sín af þessu atriði.

Ingólfur sagði, að Ásmundur hefði verið búinn að sjá handriðin á fyrri áfanga byggingarinnar, á meðan á uppsteypu á seinni hluta byggingarinnar stóð, og gerði hann engar athugasemdir, þótt þessi frágangur hefði vart getað farið fram hjá nokkrum manni.

Ásmundur sagði, að enginn ágreiningur væri um það út af fyrir sig, að svalahandriðin hefðu verið komin á fyrri áfanga byggingarinnar, er sá síðari var í uppsteypu. Ásmundur kvaðst samt ekki hafa skoðað handriðin, enda vart tímabært, því þótt athugasemd hefði verið gerð, hefði Ingólfur getað borið fyrir sig, að húsið væri í byggingu og þetta væri aðeins til bráðabirgða, enda væri venjan að taka út síðast svalir og stigaganga við heildarúttekt hússins, sem færi fram, svo hægt væri að gefa út svokallað byggingarvottorð, sem lýsti hús fullbyggt í samræmi við byggingarsamþykkt Reykjavíkur. Ásmundur sagði, að slík vottorð væru gefin út samkvæmt ósk húsasmiðameistara og eiganda, en byggingaryfirvöld gengju ekki eftir slíkri heildarúttekt, enda óhægt um vik, þar sem hvergi væru til ákvæði um heildarbyggingartíma.

Ingólfur sagði, að hann hefði litið þannig á, að Ásmundur hefði komið á vinnustaðinn sem byggingareftirlitsmaður Reykjavíkurborgar, en ekki sem arkitekt hússins. Ásmundur kvaðst einnig hafa komið þarna sem embættismaður Reykjavíkurborgar.

Vitnið kvaðst ekki geta greint nánar þann sumarleyfistíma sinn, sem getið var um í þinghaldi 25. apríl sl.

Aðspurt sagði vitnið Ásmundur, að samstarfi arkitekts og verkfræðings um sérteikningu af handriði væri þannig háttað, að arkitekt léti í ljósi hugmyndir sínar um útlit svala, en síðan væri það verkfræðingsins að ákveða, hvort það stæðist kröfur um styrkleika og burðarþol.

Vitnið Ingólfur sagði, að sér hefði fundist vera mikið timburverk í svölunum og hann hefði ekki verið hrifinn af þessu. Ræddi hann því mikið við Ásmund, hvaða eldvarnarefni skyldi nota, og var slíkt efni valið í samráði við Ásmund. Ekki kvaðst Ingólfur muna, hvað efnið hét. Ásmundur kvaðst aldrei fyrr hafa heyrt á þetta minnst. Ásmundur kvaðst aldrei hafa getað gefið slíkar ráðleggingar, þar sem honum væri ókunnugt um, að slíkt efni hefðu verið til hér á markaðnum.

Vitnið Haraldur Ágústsson húsasmiður, Rauðalæk 22, fæddur 25. september 1926 í Reykjavík, skýrði svo frá, að það væri rétt,

að hann hefði unnið við gerð svalahandriða á húsinu Dvergabakka 2—20, þ. e. a. s. á fyrri áfanga hússins, austurálmú og framhlið hússins. Vitnið kvaðst hafa unnið þetta verk sem starfsmaður fyrirtækisins Bústaðar s/f, og var vitnið ráðið af Ingólfi Guðmundssyni. Vitnið sagði, að verkið hefði verið framkvæmt samkvæmt hústeikningunum, þ. e. útlitsteikningum og grunn-teikningum. Smiðirnir, sem unnu við handriðin, voru 5, er þeir voru flestir. Vitnið minnti, að ákærði hefði haft þarna verkstjórn á hendi og verið með þeim við starfann. Ekki mundi vitnið eftir neinum sérteikningum á staðnum og taldi Ívar og Ingólf hafa gefið fyrirmæli um, hvers konar festingar yrðu notaðar og frágangi hagað. Smiðirnir völdu ekki efnið sjálfir, heldur lögðu Ingólfur og Ívar það til, og þeir gáfu yfirleitt öll fyrirmæli á staðnum.

Vitnið kvaðst kannast við Ásmund Ólason byggingareftirlitsmann og taldi sig hafa séð hann á vinnustaðnum. Ekki gat vitnið sagt um, hvort Ásmundur kom á meðan á smíði handriðanna stóð, enda hefði vitnið unnið þarna líka við mótauppslátt á öllu húsinu. Vitnið bar, að Ásmundur hefði ekki rætt við smiðina um smíði handriðanna, hvorki gefið þeim fyrirmæli né fundið að framkvæmd verksins, enda eðlilegra að ræða við meistara og verkstjóra um slíkt.

Vitnið kvaðst aldrei hafa haft ástæðu til þess að finna að fyrirmælum eða efni, sem því var ætlað að nota samkvæmt þeim teikningum, sem það sá.

Vitnið minnti, að handriðasmíðin hefði farið fram árið 1969 eða 1970, sennilega seinni hluta sumars eða hausts. Ekki mundi vitnið, hve langan tíma verkið tók, en unnið var við það ásamt mótauppslætti í seinni hluta verksins og eftir því sem á stóð með vinnu við hann. Svalahandriðin voru byggð á fyrri hluta verksins í áföngum með mótasmíðinni á seinni hlutanum. Gengið var frá hverri hæð fyrir sig í öllum vinklinum, og byrjað var neðst.

Er smiðirnir fengu efnið í hendur, var það bæði heflað og fúavarið. Vitnið kvaðst ekkert geta sagt um, af eða á, hvort efnið var varið með eldvarnarefni. Ekki gat það sagt um, hve oft efnið var fúavarið, en það var vel dökkt. Um mótatímbur var ekki að ræða, heldur nýtt tímbur, húspurrt, og var það ekki neitt óeðlilega kvistótt. Vitnið vissi ekki betur en tímbríð væri keypt í Völundi og unnið þar.

Vitninu var bent á, að á húsateikningunum (byggingarnefndar-

teikningunum) kæmi fram, að handriðastoðir ættu að vera á hákant, en í reynd hefðu þær verið settar á flatinn, og var vitnið beðið um skýringu á þessu misræmi. Vitnið kvaðst ekki hafa tekið eftir þessu og kvaðst hafa farið eftir fyrirmælum Ingólfs eða Ívars.

Vitnið sagði að það hefði ekki verið álit sitt sem fagmanns, að lárétt bönd í handriði hefðu verið fullklökk (sveigjanleg).

Eftir að vitnið hafði skoðað ljósmyndirnar af svalahandriðunum, kvaðst það ekki sjá, að kvistastærð í viðnum væri neitt óeðli-leg.

20. nóvember 1975 voru skýrslur teknar af vitnunum Haraldi Haraldssyni, Gunnari Sigurðssyni, Einari Eyfeld og Gunngeiri Péturssyni.

Haraldur Haraldsson húsasmiður, Hraunbæ 17, fæddur 10. júlí 1936 á Kolfreyjustað í Fáskrúðsfirði, skýrði svo frá, að hann hefði unnið við gerð svalahandriða í fyrri byggingaráfanga að Dvergabakka 2—20, þ. e. austurálmú og miðhluta, a. m. k. að einhverju leyti. Vitnið starfaði þar sem starfsmaður Bústaðar s/f og var ráðinn af Ingólfi Guðmundssyni. Svo stóð á, að Ingólfur var við veiðar norður við Arnarvatn, er verkið hófst, en hann hafði áður gefið fyrirmæli um framkvæmd verksins. Vitnið minnti, að þeir hefðu haft einhverjar teikningar við að styðjast, en kvaðst ekki lengur hafa minni til, hvaða teikningar þetta voru. Þeir unnu þrír við handriðasmíðina, þ. e. auk vitnisins Reynir Ásmundsson, Austurbrún 9, og Haraldur Ágústsson. Ekki mundi vitnið eftir Hirti Guðmundssyni, en hann kynni að hafa tekið þátt í verkinu á síðari hluta þess. Ingólfur Guðmundsson hafði daglega verkstjórn og tók allar afgerandi ákvarðanir, en Ívar var eitthvað þarna líka. Ingólfur ákvað m. a., hvaða festingar voru notaðar, og sagði til um, hvernig frágangi yrði hagað. Smiðirnir höfðu ekkert með að gera val á efni, heldur sáu þeir, sem að byggingunni stóðu, um slíkt.

Vitnið kvaðst þekkja Ásmund Ólason byggingareftirlitsmann, en hins vegar ekki son hans Óla. Vitnið sá Ásmund á byggingarstaðnum, en aðeins við úttektir. Ekki ræddi vitnið við Ásmund um handriðasmíðina eða heyrði hann ræða við aðra um hana.

Vitnið kvaðst hafa unnið við mótauppslátt í seinni áfanga að undantekinni efstu hæðinni í síðasta stigahúsinu. Eitthvað var byrjað að slá upp fyrir seinni áfanga, en ekki mundi vitnið, hve mikið, er handriðasmíðin hófst á fyrri áfanga. Handriðasmíðin á

fyrri áfanganum hófst ekki fyrir en það var búið að steypa hann upp og múrhuða. Smíðin fór fram að sumarlagi, og giskaði vitnið á, að það hafi verið í júlí eða ágúst.

Vitnið sagði, að það hefði ekki talið sig hafa haft neina ástæðu til að finna að fyrirmælum eða efni, sem það fékk í sambandi við smíðina. Efnið, sem þeir notuðu, var heflað og fúavarið, er þeir fengu það í hendur, og tilbúið til ásetningar. Vitnið vissi ekki, hvar efnið var keypt, en minnti, að það hefði verið í Húsasmiðjunni. Efnið kom heflað á staðinn, og Ingólfur lét fúaverja það á byggingarstaðnum. Ekki vissi vitnið, hvort borið var á það eldvarnarefni. Vitnið kvaðst vita, að settar hafi verið fleiri en ein umferð af fúavarnarefni á timbrið, en vissi ekki, hve margar. Vitnið minnti, að timbrið hefði þá verið orðið tekkklitað. Ekki var um mótatimbur að ræða, heldur nýtt timbur, og var það ekki kvistóttara en vitnið átti að venjast í starfi sínu. Efnið var betra heldur en mótatimbur, því að í slíku timbri er oft mikið af lausum kvistum, sem þetta timbur var þó laust við.

Vitnið skoðaði ljósmyndir af svölum. Að því loknu kvaðst vitnið ekki telja, að timbrið væri kvistóttara heldur en gerðist og gengi um mótatimbur.

Vitnið sagði, að skýringin á því, að handriðastoðirnar hefðu verið settar á flatinn, en ekki á hákant, eins og gert væri ráð fyrir í byggingarnefndarteikningunni, væri sú, að þeir hefðu fengið fyrirmæli um að haga þessu þannig frá Ingólfi Guðmunds-syni.

Vitnið var spurt að því, hvernig það hefði hagað festingum í plötuna, ef stoðirnar hefðu verið reistar á hákant. Vitnið kvaðst ekki geta svarað þessu án þess að kanna aðstæður á staðnum.

Vitnið kvaðst ekki telja sem fagmaður, að lárétt bönd í handriði hefðu verið fullklökk.

Vitnið minntist þess að hafa séð Sigurjón heitinn Sveinsson tvívegis á byggingarstaðnum. Í annað skiptið áður en handriðasmíðin hófst og í síðara skiptið eftir að handriðasmíðinni var lokið á fyrri áfanga. Í seinna skiptið ræddi vitnið við Sigurjón heitinn um daginn og veginn, en ekkert um bygginguna. Ekki kvaðst vitnið heldur hafa heyrt hann tala um bygginguna við aðra. Vitnið kvaðst hafa orðið vart við það í starfi sínu, að Sigurjón heitinn kæmi mikið á byggingarstaði, m. a. um helgar. Lét hann sér annt um, að umhirða og frágangur á byggingarstað væri þannig, að slysaætta stafaði ekki af.

Vitninu Gunnari Sigurðssyni byggingarfulltrúa, Ljósheimum 1, fæddu 9. desember 1925 á Akureyri, var kynnt misræmi í framburðum Ingólfs Guðmundssonar og Guttorms Þormar varðandi aðdraganda að tilurð útreikninga þess síðarnefnda. Vitnið kvaðst telja, að Guttormur hefði lagt útreikningana fyrir embætti byggingarfulltrúa, enda væri yfirleitt venja, að verkfræðingar legðu sjálfir fram sínar teikningar og útreikninga, þegar krafist væri. Hins vegar vissi vitnið ekki, hver átti frumkvæðið að þessum útreikningum. Vitnið kvaðst vilja taka fram, að í skjalavörslu byggingarfulltrúa væru til afrit af tveim bréfum til meistara hússins, þar sem þess væri krafist, að þeir legðu fram sérteikningu varðandi svalahandrið. Vitnið staðfesti, að hér væri um að ræða bréf-in frá 10. júlí og 26. október 1970.

Á sínum tíma kvaðst vitnið hafa verið deildarverkfræðingur hjá byggingarfulltrúa og hefði þá haft eftirlit með burðarvirkis-teikningum. Vitnið fór á sínum tíma yfir útreikninga Guttorms Þormar og taldi þá fullnægjandi. Ekki væri venja, að slíkir reikningar væru lagðir fyrir byggingarnefnd, heldur væri það í verkahring embættis byggingarfulltrúa að samþykkja sérteikningar. Vitnið kvaðst minnast þess að hafa á sínum tíma kannað burðarþol svalahandriðanna, og taldi vitnið það ófullnægjandi. Minnti vitnið, að sú athugun hefði verið gerð í sambandi við kvörtunarbréf íbúanna. Vitnið tók fram, að það væri ekki venja að krefjast sérteikninga af svalahandriðum, en ef kvartanir bærust út af handriðum eða ástæða væri til að ætla, að eitthvað væri athuga-vert, væri könnun framkvæmd á staðnum. Slík könnun gæti oft leitt til þess, að gerð væri krafa um sérteikningu.

Vitnið sagði, að það tíðkaðist enn í byggingarnefndinni, að samþykktar væru teikningar, sem bæru það með sér, að í svalahandriðum væru lárétt bönd. Þá væri að jafnaði gerður fyrirvari um, ef um fjölbýlishús væri að ræða, að skilað yrði sérteikningum af svalahandriðum. Ef um aðrar gerðir af húsum væri að ræða, hefði ekki verið haft eins mikið eftirlit með því, hvort lárétt bönd væru notuð, og því ekki eins hart tekið á því, enda hætta þar minni heldur en í fjölbýlishúsum.

Vitnið sagði, að svalahandrið væru ekki tekin sérstaklega út, nema þau væru steyppt með húsi.

Það kom fram hjá vitninu, að því var ekki kunnugt um, svo óyggjandi væri, hvenær sú regla var tekin upp að krefjast sérteikninga af handriðum, en það kvaðst telja, að það hefði verið

um það leyti sem þetta kærumál kom upphaflega upp og þá hefði verið krafist sérteikninga af tveim til þrem húsum, sem vitnið mundi eftir. Á þessum tíma og í þessu hverfi var áberandi tilhneiging til að hafa svalahandrið með láréttum böndum, en nú væri minna leitað eftir slíku.

Vitnið sagði, að eftirlit með teikningum og útreikningum væri fyrst og fremst þjónusta við hinn almenna borgara til að tryggja öryggi, en í því fælist ekki, að ábyrgðin væri flutt af hönnuðum teikninga.

Vitnið kvaðst telja svalahandrið vera burðarvirki, en hér vantaði reglur um styrkleika handriða og hefði því verið farið eftir erlendum stöðlum, einkum frá Norðurlöndunum, Danmörku og Svíþjóð. Ef slíka útreikninga vantaði, beindi byggingarfulltrúi kröfum sínum um úrbætur til meistara hússins, sbr. það sem fyrirrennari vitnisins gerði í þessu máli. Vitnið sagði, að í teikningum af timburvirki væru ekki tilgreind efnisgæði, eins og t. d. er gert um steinsteypuvirki.

Vitnið sagði það vera á valdi byggingarfulltrúa að kveða upp úr með það, hvort timburgæði gætu talist fullnægjandi eða hvort það væri svo gallað, að það skerti styrkleika burðarvirkis, þótt engar beinar reglur væru til hér um flokkun timburs eftir gæðum.

Að sögn vitnisins eru athugasemdir forstöðumanna eða fulltrúa hinna ýmsu borgarstofnana ábendingar til byggingarnefndarinnar og það sé svo á hennar valdi að binda byggingarleyfi fyrirvörum eða skilmálum.

Vitnið athugaði ljósmyndirnar af handriðunum og var spurt, hvort hægt væri að leggja nokkurn dóm á efnisgæðin eftir þeim. Vitnið kvað erfitt að gera það svona óundirbúið.

Vitnið Einar Eyfeld verkfræðingur, Selvogsgrunni 10, fæddur 12. janúar 1922 í Reykjavík, upplýsti, að hann hefði á sínum tíma verið forstöðumaður eldvarnareftirlits Reykjavíkurborgar og með athugasemdum á umsóknum um byggingarleyfi fyrir Dvergabakka 2—16 hefði verið gert ráð fyrir því, að notaðar yrðu timburuppistöður, sem væru úr impregneruðu (þrýstivörðu) efni. Á þessum tíma var slíkt efni flutt inn í vissum tilvikum, en ekki var hægt hér á landi að meðhöndla timbur á þennan hátt. Hins vegar var þá hægt að fá flutt inn efni til að eldverja timbur og hefði það verið tekið gilt, ef svo hefði verið. Ástæðan fyrir þessari athugasemd var sú, að timbrið náði á milli hæða og því hætta á, ef eldur kæmi upp, að hann breiddist út um allt.

Vitnið kvaðst hafa hætt í eldvarnareftirlitinu fyrir 4 árum og sagði, að mál þetta hefði ekki komið frekar til sinna kasta.

Vitnið Gunngeir Pétursson, skrifstofustjóri byggingarfulltrúa, Steinagerði 6, fæddur 28. janúar 1921 í Reykjavík, skýrði svo frá, að sig ræki ekki minni til, að gerð svalahandriðanna hefði borið sérstaklega á góma á byggingarnefndarfundinum, þar sem teikningar hússins voru samþykktar, enda þótt athugasemdir eldvarnareftirlitsins lægju fyrir. Vitnið sagði, að byggingarleyfið hefði ekki verið bundið neinu skilyrði um, að timburuppistöður utan á svölum skyldu vera úr eldvörðu efni, enda væri ekki minnst á neitt slíkt í tilkynningu um veitingu leyfisins.

Vitnið kvaðst halda, að byggjandi hefði ekki verið krafinn um sérteikningar af svalahandriðum fyrr en eftir að kvörtunarbréf íbúanna barst. Hins vegar kom þá í ljós, að frágangur á uppistöðum var ekki í samræmi við samþykktar teikningar.

Vitnið sagði, að byggingaryfirvöld hefðu aldrei beitt 100. gr. byggingarsamþykktar Reykjavíkur, enda hefði lögfræðingur þeirra talið það orka tvímælis vegna eignarréttarins.

Vitnið upplýsti, að eins og form umsóknar um byggingarleyfi bæri með sér, færu ýmsir borgarembættismenn og fleiri yfir teikningar fyrir fund og gerðu sínar athugasemdir. Þessar athugasemdir væru engan veginn bindandi fyrir byggingarnefnd, enda væri hér nánast um umsagnaraðilja að ræða.

Vitnið gat þess einnig, að slökkviliðsstjóri eða fulltrúi hans sæti fundi byggingarnefndar og greinilegt væri, að hann hefði ekki tekið til greina athugasemd undirmanns síns, þar sem í tilkynningu um veitingu byggingarleyfis til byggjanda væri ekki tilgreindur fyrirvari um, að frágangur væri háður samþykki slökkviliðsstjóra.

Vitnið var spurt, hverjar hefðu verið kröfur byggingarnefndar varðandi öryggi handriðs, sem formanni og byggingarfulltrúa hefði verið falið að tilkynna byggjanda. Vitnið kvaðst telja, að þær hefðu verið varðandi afstífingu og ráðstafanir til að útiloka eða hindra klifur barna. Vitninu var ekki kunnugt um, hvort og hvernig byggjanda var tilkynnt þetta.

Vitnið sagði, að það færi eftir gerð handriðs, hvort krafist væri séruppdráttar af því, en fjöldi handriða væri byggður samkvæmt venju, en hér hefði verið um að ræða óvenjulegt handrið.

Vitnið kannaðist við, að í fjölda húsa í Reykjavík væru handrið

með láréttum böndum, en eftir að þetta mál kom upp, hefði slíkt yfirleitt ekki verið samþykkt.

Vitnið var spurt að því, hvort byggingaryfirvöld hefðu séð ástæðu til að taka viðar í taumana til að hindra klifurhættu barna. Vitnið sagði, að það væri gert í sambandi við nýjar byggingar, þannig að ef menn vildu nota lárétt bönd, yrðu þeir jafnframt að skila sérteikningu af handriðinu. Venjulega væri komið í veg fyrir klifurhættu með því að setja heila plötu innan á borðin.

19. febrúar sl. komu fyrir dóminn Friðrik Pálmar Pálmason, Valdimar Magnús Jónsson, Haraldur Gunnarsson og Reynir Reykjalin Ásmundsson.

Vitnið Friðrik Pálmar Pálmason sérfræðingur, til heimilis að Dvergabakka 20, fæddur 16. apríl 1935 í Reykjavík, kvaðst hafa gert kaupsamning um íbúð að Dvergabakka 20 16. apríl 1968. Kaupsamningurinn var gerður samkvæmt teikningu. Ekki mundi vitnið, hve verkið var þá langt komið, en kvaðst hafa fengið íbúðina afhenta á árinu 1968. Þá var hún tilbúin undir tréverk. Var þetta um haust, en vitnið mundi ekki dagsetninguna. Ekki mundi vitnið, hvenær það flutti inn, en það var eftir næstu áramót eða fyrri hluta ársins 1969. Vitnið sagði það öruggt, að ekki hefði verið búið að slá upp svalahandriðunum, er það flutti inn, en kvaðst ekki geta sagt um, hvenær handriðin voru sett upp. Ekki gat vitnið sagt um, hvort búið var að steypa upp seinni hluta byggingarinnar, er það flutti inn, en hélt, að svo hefði ekki verið.

Vitnið upplýsti, að hæstu húsnúmerin hefðu verið tekin í notkun fyrst og íbúð þess væri endaíbúð á 3. hæð. Var vitnið með þeim fyrstu, sem fluttu inn í húsið. Vitnið kvaðst ekki geta sagt um, hvenær framkvæmdum við gerð svalahandriða var hætt.

Vitnið sagði, að í sínum kaupsamningi væri ekki minnst á svalahandriðin einu einasta orði eða milligerðir milli svalahluta hinna einstöku eigenda.

Ekki gat vitnið sagt um, hvenær fyrst var farið að kvarta við Ingólf Guðmundsson út af svalahandriðunum. Að sögn vitnisins lá kærubréfið til byggingarnefndar Reykjavíkur ekki fyrir í endanlegu formi, er það skrifaði nafn sitt á bréfið, heldur aðeins uppkast. Eftir undirskrift vitnisins, var bætt inn atriðum, sem vitnið hefði ekki skrifað undir, en kvaðst vilja leggja áherslu á, að það gerði engar athugasemdir við þau atriði, sem varða svalahandriðin. Á þeim tíma, sem kvörtunarbréfið var skrifað,

var ekki til húsfélag, en bréfið var ritað að frumkvæði Stefáns Þorsteinssonar, sem þá bjó að Dvergabakka 18. Ekki veit vitnið, hvort hann var eigandi eða leigjandi.

Vitnið Valdimar Magnús Jónsson verkamaður, Dvergabakka 18, fæddur 13. mars 1945 á Ísafirði, kvaðst hafa gert kaupsamning um íbúð á 3. hæð til vinstri á Dvergabakka 18 19. október 1968. Minnti vitnið, að þá hefði verið búið að steypa upp álmuna, sem ber númerin 14, 16, 18 og 20. Er kaupsamningur var gerður, var ekkert farið að eiga við svalahandriðin. Vitnið kvaðst hafa flutt inn 1. desember 1968. Ekki mundi vitnið betur en það hafi verið á árinu 1970, sem byrjað var á gerð svalahandriðanna í síðari álmunni, enda minnti vitnið, að fyrst hefði verið byrjað á handriðum í nýrri álmunni. Vitnið minnti, að framkvæmdum við svalahandriðin hefði verið hætt sama sumar.

Ekki kvaðst vitnið muna, hvenær fyrst var kvartað við Ingólf Guðmundsson um frágang svalahandriðanna. Vitnið athugaði í dóminum kærubréf íbúanna og var beðið að tjá sig um, hvort bréfið væri í sama formi og er það skrifaði undir. Vitnið sagði uppkast hafa legið fyrir, er það skrifaði undir, en kvaðst ekki geta sagt um, hvort bréfið væri í sama formi og er það skrifaði undir.

Vitnið Haraldur Gunnarsson strætisvagnstjóri, Dvergabakka 18, fæddur 2. ágúst 1937, kvaðst hafa gert kaupsamning um íbúð á 2. hæð til hægri að Dvergabakka 18 sumarið 1968. Íbúðin var seld tilbúin undir tréverk og með sameign frágenginni. Vitnið kvaðst hafa flutt inn í október 1968. Vitnið sagði, að þá hefði ekkert verið byrjað á gerð svalahandriðanna og það verk hefði ekki hafist fyrr en ári eftir að vitnið flutti inn. Árið 1969 var unnið við að setja upp svalahandrið innan í Uinu, eða portmegin, og síðan leið heilt ár, og sumarið 1970 voru sett upp svalahandrið á húsið að framanverðu.

Vitnið kvaðst telja, að fljótlega eftir að byrjað var að setja upp handriðin og fólk sá fráganginn, sem óljósar teikningar höfðu ekki borið með sér, hefði verið farið að kvarta við Ingólf, sem sinnti því engu og bar fyrir sig, að hann væri að vinna samkvæmt samþykktum teikningum. Vitnið kvaðst ekki muna, hvenær endanlega var hætt við smíði handriðanna, en telur, að það hafi verið heldur seinna á nýrri álmunni með lágu númerunum, en kvaðst ekki geta skýrt frá þessu nánar.

Vitnið Reynir Reykjalín Ásmundsson húsasmiður, Austurbrún

29, fæddur 13. júní 1925 í Reykjavík, kvaðst hafa tekið þátt í smíði svalahandriða í fyrri áfanga í byggingunni Dvergabakka 2—20. Vitnið kvaðst hafa unnið að fleiri störfum fyrir Ingólf Guðmundsson, áður en það fór í handriðasmíðina og hefði það verið ráðið til hennar af Ingólfi, en ekki ákærða Ívari. Aðspurt, hvort vitnið hefði hagað smíðinni eftir einhverri vinnuteikningu, kvaðst vitnið ekki muna eftir neinni sérteikningu, en hélt helst, að farið hefði verið eftir útlitsteikningu hússins. Aðspurt, hver hefði stjórnað verkinu á staðnum, sagði vitnið, að litið hefði verið á Ingólf sem aðalmanninn, en Ívar hefði stjórnað, ef Ingólfur var ekki viðstaddur.

Aðspurt, hvort venja væri við slíkar smíðar, að sérteikningar lægju fyrir, sagði vitnið, að á því væri ýmis gangur. Aðspurt, hver hefði tekið ákvörðun um gerð og frágang á festingum, sagði vitnið, að þetta hefði allt legið fyrir, er það kom til starfa, þar sem verkið hafði þá staðið yfir í nokkra daga.

Vitnið kvaðst kannast við Ásmund Ólason, en kvaðst ekki geta sagt um, hvort hann kom á byggingarstaðinn á meðan á handriðasmíðinni stóð. Vitnið tók fram, að það sæi Ásmund oft á byggingarstöðum í starfi sínu. Á umræddum tíma hefði verið unnið við mótauppslátt á seinni áfanga, en gripið í handriðasmíðina þess á milli. Því megi vel vera, að Ásmundur hafi komið þarna til að taka út járnabindingar eða annað.

Vitnið kvaðst ekki minnst þess, að Ásmundur hefði gefið fyrir-mæli um gerð handriðanna, en var minnisstætt, að smiðirnir ræddu um það í sínum hópi, að þeim þætti gerð svalahandriðanna nokkuð glannaleg, þ. e. rimlarnir og þess háttar. Ekki minntist vitnið þess að hafa séð ástæðu til þess að finna að fyrirmælum eða efni, sem það fékk, og sagði, að um hefði verið að ræða vél-unnið mótatimbur, að því er virtist.

Vitnið mundi ekki, hvort handriðin voru smíðuð árið 1969 eða 1970 að sumarlagi, en heldur þó frekar 1969. Vitnið kvaðst ekki hafa unnið við smíði svalahandriða í seinni byggingaráfanga.

Sérstaklega aðspurt sagði vitnið, að það, sem að smiðunum hefði þótt glannalegt við handriðin, hefði verið hin láréttu bönd, sem sköpuðu klifurhættu fyrir börn, og auk þess sem þeim fannst þetta ekki nógu traust.

Er smiðirnir fengu efnið í hendur, var það hefllað og, að því er vitnið minnti, fúavarið. Ekki gat vitnið sagt um, hvort það var

varið með eldvarnarefni, þar sem búið var að þessu, áður en þeir unnu úr timbrinu.

6. maí sl. kvaddi dómsformaður Halldór Hannesson bygginga-verkfræðing, Gunnarssundi 10, Hafnarfirði, og Indriða Nielsson byggingameistara, Flókagötu 43, Reykjavík, til að skoða svalahandriðin á húsunum nr. 2—20 við Dvergabakka og láta dómum í té skýrslu um þá skoðun, einkum að því er varðar:

1. Uppbyggingu handriðanna í burðarlegu tilliti, þar í talið að leggja mat á almennan styrkleika þeirra.

2. Festingar á einstökum hlutum handriðsins við svalagólf og annars staðar, þar sem þær hafa þýðingu vegna gerðar handriðsins og ýmissa öryggisatriða.

3. Efnisgæði svalahandriðanna eftir því sem unnt er að meta þau í samræmi við sjáanleg lýti, sem örugglega verður að telja upprunaleg, þ. e. ekki hægt að rekja til slælegs viðhalds eða óhapps.

4. Öryggi handriðanna gagnvart ýmsum atriðum, sem ekki verða talin í liðum 1—3, t. d. barnaöryggi, klifurhættu o. s. frv.

Matsmennirnir skiluðu skýrslu um athuganir sínar og hafa staðfest skýrsluna fyrir dómi svo og svarað ýmsum spurningum varðandi starfa sinn o. fl.

Í inngangi skýrslunnar er lýsing á mannvirkinu, og er hún svolhljóðandi:

„Handriðið er trégrind, sem er fest framan á húsið. Hvilir hún hvergi á neinum undirstöðum, heldur hangir hún á festingum, sem ganga gegnum lóðréttu planku hennar og inn í steipt gólf svalanna og skyggni yfir efstu svölum. Grindin er öll smíðuð úr hefluðum plönkum („battningum“) 4" x 1½", nema efsti planki handriðsins á hverjum svölum er hefluð 5" x 1½". Smíðaeefnið er fura, fúavarin með því að baða plankana í fúavarnarefni.

Lóðréttir plankar eru með breytilegu millibili. Sumstaðar eru 3 og 3 saman (framan við skilveggi milli íbúða) með 40 cm miðju-millibili innbyrðis. Síðan eru ca. 2.15 m til 2.30 m milli þeirra, og eru ýmist 1, 3, 4, 5 eða 6 slík bil að næstu þriggja planku „grúppu“. Lóðréttu plankarnir liggja með breiðari flötinn þétt upp að frambrúnum svalagólfanna og skyggni yfir efstu (þriðju) hæð, og eru þeir festir við þessar frambrúnir með ýmsum hætti (sjá lið 2).

Lárétta böndin eru fest við lóðréttu plankana innanverða, og eru þau 4 á hverjum svölum. Opið bil undir neðsta bandið mældist 14—15 cm, sama opið bil er á milli allra lárétta bandanna á svöl-

unum. Heildarhæð handriðsins yfir svalagólfi mældist 100 cm. Breiðari hlið lárétu bandanna liggur að lóðréttu plönkunum“.

Að loknum inngangi að matsgerðinni svöruðu matsmennirnir hinum einstöku liðum dómkvaðningarinnar, og verða nú rakin nokkur atriði úr henni, einkum niðurstöður.

Um 1.

„Niðurstöður útreikninganna hér á undan verða, án þess að smáatriði séu rakin, að mannvirkið uppfylli alls ekki þær kröfur um styrkleika og stífleika, sem gera skal til slíkra timburmannvirkja. Svignun getur orðið óhæfilega mikil og spennur um og yfir brotmörkum efnisins. Mannvirkið gæti því reynst hættulegt, yrði það fyrir fullri áraun“.

Um 2.

„Niðurstöður útreikninga á festingum eru þær, að boltar og vinklar virðast nógu sterkir, ef festingum þeirra í steypuna er að treysta. Þó er ekki mikið upp á að hlaupa, ef járníð fer að ryðga. Allt of mikið álag er hins vegar á timbrið undir skífum boltanna. Víða hefur timbrið marist undan þessum skífum, þegar handriðin voru smíðuð. Reynslan hefur sýnt, að skotnaglafestingin er óhæf. Sjálfsgagt er að festa saman handriðin á hornum. Skrúfur í samtengingum timburs virðast fullnægjandi“.

Um 3 og 4.

Rétt þykir hér að taka upp í dóminn það, sem matsgerðin hefur um þessi atriði að segja í heild sinni.

„3. Efnisgæði svalahandriðanna.

Upplýst er, að timbrið hefur á engan hátt verið sérstaklega valið til þessarar smíði. Efnið er algengt uppistöðuefni, ætlað til uppsláttar við mótasmíði og þvílíkra verka. Enda eru við burðarþolsreikninga hér að framan notaðir þeir efniseiginleikar, sem „uklassificeret konstruktionstræ af nordisk gran og fyr“ eru gefnir í burðarlegu tilliti. Ekki þykir rétt að dæma efnisgæði handriðanna eftir erlendum flokkunarreglum, nema hvað burðarþol snertir, og er leitast við að dæma þau í samræmi við íslenskar venjur þar um.

Hér á landi eru ekki í gildi neinar reglur um flokkun timburs, svo sem gerist í grannlöndunum, heldur er talað um „smíðavið“ og „þríma furu“ o. s. frv. Þar af leiðandi eru hér heldur ekki í gildi reglur um hvaða efnisgæði skulu notuð í hverju tilfelli, t. d. við smíði handriðanna, sem hér er fjallað um.

Undantekning frá þessu er þó „Reglugerð um öryggisráðstaf-

anir við byggingarvinnu“, útgefin af Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 20. júlí 1972. Þar er lítillega fjallað um efnisgæði, sem krafist er af timbri til vinnupallagerða, en þó aðeins með almennu orðalagi, svo sem í gr. 24: „Viður . . . skal vera afbarkaður, af góðri tegund og óskemmdur. Ekki mega vera í honum skaðlegir kvistir, rifur eða aðrir gallar, sem draga úr styrkleikanum“ og í gr. 33.1a: „Verkpallastoðir. Þær skulu vera úr völdu efni“, og í gr. 33.4a: „Langböndin skulu vera úr völdu efni, þau geta verið minnst úr 1” x 6” borðum og í þeim mega ekki vera kvistir, sem draga úr styrkleika þeirra. (Sjá mynd 13)“.

Hér er átt við langbönd undir pallgólfi. Þótt þessi reglugerð taki gildi seinna en handriðin að Dvergabakka 2—20 voru smíðuð, byggist hún vafalaust á því, sem er talin góð fagmennska við gerð verkpalla. Til frambúðarmannvirkja eins og handriðanna hljóta að vera gerðar meiri kröfur um efnisgæði og útlit en til slíkra bráðabirgða mannvirkja. Hér er hjálagt afrit af tilvitnaðri mynd 13 í reglugerðinni. Þar er sýnt með teikningu, hvaða kvistagerð dæmir efnið úr leik til notkunar í langbönd vinnupalla og væntanlega annars staðar, þar sem mikið reynir á. Eðlilegt er að gera þessar sömu kröfur til efnis í handriðunum að Dvergabakka 2—20. Efnið í handriðunum er mjög kvistótt, og í því eru all víða kvistir af þeirri gerð, sem myndu dæma efnið óhæft skv. fyrrnefndri reglugerð, svo sem ljósmyndir í fylgiskjöllum XIII og XIV draga fram.

Hvergi varð við skoðun á handriðunum vart við skemmdir á timbrinu, nema mar undir boltafestingum, en nokkuð um rifur (sennilega eftir útpornun efnisins). Fúa var hvergi að sjá.

4. Öryggi handriðanna.

Handriðin virðast smíðuð, hvað útlit og gerð snertir, mjög svipað því, sem útlitsteikning húsanna gerir ráð fyrir.

Gerð handriðanna býður upp á töluverða hættu, eða jafnvel freistingu, á að klifrað sé í þeim, einkum vegna plankanna, sem ganga upp á milli hæða og hversu auðvelt er að nota lárétta böndin eins og stiga við þessa planku. Þó verður varla talinn mikill eðlismunur á þeim og t. d. algengum járnrimlahandriðum á svölum í þessu tilliti. Handriðin eru mjög opin eða gisin, en telja verður, að krafa byggingarsamþykktar um 15 cm bil milli lóðréttra rimla eigi við járnhandrið, en ekki tré, þótt það sé ekki tekið þar fram. Opið bil milli láréttra banda og undir þau er 15 cm hátt og víðast um 215 cm langt. Krafan um 15 cm bilið í bygg-

ingarsamþykkt er sennilega sett með tilliti til þess, að smábörn troði sér ekki út á milli rimlanna.

Sama bil milli láréttra banda ætti að gera sama gagn hvað þetta atriði snertir.

Eins og sýnt er með reikningum í lið 1) er mjög mikil sveigja í handriðunum. Hennar gætir að sjálfsögðu löngu fyrr en trén fara að ná brotamarki. Ósjálfráð viðbrögð við þessari sveigju, ef lagst er að handriðunum, er, að menn hrökkva frá. Þó að þetta sé auðvitað nokkur vörn við brothættu, sem reikningslega séð er fyrir hendi, rýrir þetta eina atriði gildi handriðanna til síns brúks og vekur fólki ónotakennd eða óöryggiskennd og veldur því sennilega, að svalirnar nýtast ekki sem skyldi, menn forðast að vera frammi við handriðin, eins og annars mætti telja eðlilegt.

Halldór Hannesson kom fyrir dóm 10. ágúst sl. og Indriði Níelsson 16. s. m.

Er Halldór var spurður, hvaða áhrif það hefði á styrkleika og öryggi svalanna, ef lóðrétt bönd væru á hákant, eins og gert væri ráð fyrir á uppdráttum, en ekki á flatinn, eins og gert var, sagði vitnið, að slíkt breytti engu með láréttu böndin, en lóðréttu böndin hefðu meiri styrkleika þannig.

Vitnið sagði, að ekki væri reiknað með vindálagi, þar sem „hreyfilegar spennur hækka um 40% vegna vindálags, og sú hækkun kemur efninu meira til góða en nemur viðbótarálaginu frá vindi“.

Er vitnið var spurt, hvort það teldi nauðsynlegt að hafa undirstöður undir mannvirkinu eða hvort festingarnar, eins og þær væru, hefðu verið nægjanlegar, sagði það: „Ég tel enga nauðsyn á sérstökum undirstöðum undir mannvirki, en að því er varðar festingar vísa ég til matsgerðar minnar, þar sem festingar séu margs konar og niðurstöður, sem dregnar eru af þeim, séu mismunandi“.

Spurningu um, af hverju matsmenn hefðu ekki kannað öryggi festingartittanna, sem talað er um í matsgerð, svaraði vitnið á þá leið, að sér væri ókunnugt um aðferðir til að kanna festu rekins titts og skrófu skrófaðrar í plast, gegn því að vera dregin út, nema með raunverulegum „mekanískum“ prófunum á staðnum. Þá var vitnið spurt, hvort matsmennirnir hefðu talið festingarnar nægilega traustar, úr því að hin „mekaníska“ prófun var ekki gerð. Svar vitnisins var á þessa leið: „Sá hluti festingarinnar, sem er talinn veikastur, var reiknaður og þar með ekki talin þörf á

að reikna annað. Átak, sem leitast við að draga tittinn og skrúfuna upp, kemur naumast til greina og þess vegna ekki talin ástæða til að prófa öryggi festingarinnar gagnvart því átaki“.

Vitnið var spurt, hvers vegna 9 af 53 festingum hefðu látið sig og 25 af 72. Vitnið kvaðst ekki geta svarað því frekar en í matsgerðinni. Vitnið sagði, að bilunin hefði verið eins á öllum stöðunum. Naglarnir hefðu látið sig á milli steypu og timburs, en naglarnir ekki dregist út, hvorki úr timbri né steypu. Vitnið sagði, að brotastaða naglanna hefði verið athuguð og hefðu ummerki sýnt, að þeir hefðu hrokkið í sundur, en ekki jagast eða liðast í sundur. Þá var vitnið spurt, hvort þessi brot geti hafa stafað af snöggu höggi á uppistöðurnar. Vitnið kvaðst telja líklegast, að við slík högg hefðu naglarnir gengið inn í timbrið, en ekki hrokkið í sundur, en slíkt færi þó eftir, hve mikið og snögg höggið væri, en fyrstu viðbrögð voru þau, að naglahausarnir gengu inn í timbrið.

Vitnið sagði, að ekki hefði verið að sjá, að aðrar festingar hefðu látið sig en þar sem skotnaglarnir voru, og kvaðst það telja ólíklegt, að allar festingarnar hafi bilað í einu. Þá var vitnið spurt, hvort bilun á einni eða tveimur festingum, sem ekki væri gert við strax, ylli því, að álag ykist á öðrum festingum og orsakaði eða flýtti fyrir bilun á þeim. Vitnið kvaðst geta svarað þessu játandi, en þá eigi það að hafa áhrif á festingarnar við hliðina á þeim biluðu, en biluðu festingarnar í mannvirkinu virtust ekki fylgja neinu ákveðnu mynstri.

Vitnið kvaðst ekki hafa getað séð það á mannvirkinu, að á því hefðu verið unnin skemmdarverk.

Vitnið var spurt, hvort skemmdirnar á mannvirkinu hefðu verið með þeim hætti, að sjá mætti þær fyrir við framkvæmd verksins. Vitnið sagði það alkunnugt, að álag af völdum vinds væri hvað mest, þar sem veggur og þak mætast. Þá var bent á, að þarna hagaði svo til, að þakbrúnin næði út yfir svalirnar. Vitnið sagði, að því fremur yrði að gera ráð fyrir álaginu.

Vitnið kvaðst ekki geta svarað því á augabragði, hvernig fullnægjandi festingar hefðu átt að vera á mannvirkinu.

Aðspurt, hvort hér hefði á umræddum tíma verið völ á flokkuðu timbri í mannvirkið, sagði vitnið, að það hefði verið hægt að fá það keypt samkvæmt sérstakri beiðni.

Vitnið kvaðst ekki gera mun á gæðum timbursins, hvort það var í láréttum eða lóðréttum hluta mannvirkisins. Vitnið kvaðst

telja efnið vera kvistóttara heldur en almennt gerðist, jafnvel um óflokkað timbur. Vitnið sagði, að óflokkað timbur væri mjög misjafnlega gott. Fari það m. a. eftir sendingum, árstíma og fleiri atriðum.

Eftir að Indriði Níelsson hafði staðfest efni matsgerðarinnar, óskaði verjandi ákærða eftir, að lagðar yrðu fyrir hann nokkrar spurningar, og koma þær hér orðréttar svo og svör vitnisins.

„Nr. 1. Var verkið óaðfinnanlega unnið að öðru leyti en því sem fundið er að í matsgerðinni?

Svar: Já.

Nr. 2. Er ástand svalahandriðsins í dag eins og það var upphaflega að öðru leyti en því, sem fram kemur í matsgerðinni?

Svar: Já.

Nr. 3. Hefur vitnið notað skotnaglafestingar við starf sitt, bæði úti og inni?

Svar: Já.

Nr. 4. Hefur vitnið orðið vart við það, að skotnaglafestingar hafi slitnað annars staðar en á matsstaðnum?

Svar: Nei.

Nr. 5. Geta aðrar orsakir en titringur (vibration) vegna vinds, sbr. staflið c á næsta blaði fyrir framan bls. 5, valdið því, að naglarnir hafi hrokkið í sundur?

Svar: Við fundum ekki aðra ástæðu líklegri til þess.

Nr. 6. Getur titringur, sem stafar frá öðru en vindi, haft þessi áhrif?

Svar: Það mundi ég telja.

Nr. 7. Telur vitnið, að þessar losanir hafi átt sér stað allar samtímis eða á lengri tíma?

Svar: Ég mundi telja, að það hafi verið á lengri tíma.

Nr. 8. Telur vitnið, að ef ein festing losnar, að það geti haft sömu áhrif á aðrar vegna aukins álags?

Svar: Já, það tel ég.

Nr. 9. Gerðu matsmenn nokkuð riss eða teikningu af uppistöðunum, þar sem merkt var inn á, hvar losanirnar hefðu átt sér stað?

Svar: Ég man ekki, hvort við færðum þetta inn á teikninguna, sem við vorum með (frá dóminum), en við töldum allar festingarnar bæði fastar og lausar eins og kemur fram í matsgerðinni.

Nr. 10. Með hvaða hætti öðlast húsasmiður húsasmiðameistara-réttindi?

Svar: Er ég fékk mín réttindi, hafði ég unnið 3 ár hjá húsa-smíðameistara. Síðan sótti ég um leyfi, sem ég fékk.

Nr. 11. Hefur vitnið síðar sem meistari bæði byggt hús fyrir eigin reikning og reikning annars?

Svar: Já.

Nr. 12. Er einhver meginregla um það, hver sjái um efniskaup, þegar byggt er fyrir aðra?

Svar: Það held ég ekki, en að því er mig varðar hef ég yfirleitt séð um efniskaup, en í ákaflega mörgum tilfellum hefur húsbyggjandinn gert það sjálfur.

Nr. 13. Hefur vitnið talið á starfsferli sínum efni, sem húsbyggjandi hefur keypt, ófullnægjandi?

Svar: Ekki rekur mig minni til þess.

Nr. 14. Hefur vitnið alltaf lokið þeim smíðabátum, sem venja er, að húsasmíðameistarar annist, á þeim húsum, sem það hefur tekið að sér, eða hefur svo ekki orðið, t. d. vegna eigendaskipta eða af öðrum ástæðum, sem varða húsbyggjanda?

Svar: Í flest öllum tilfellum hef ég gert það, ég hef lokið smíði á allt frá 5 mánuðum og upp í allt að 10 árum.

Nr. 15. Hefur vitnið aðhafst nokkuð sérstakt gagnvart byggingaryfirvöldum, ef hann hefur ekki lokið smíði?

Svar: Nei, enda eru byggingaryfirvöld fyrir löngu hætt að gera heildarúttekt á húsum.

Nr. 16. Er útlit svalahandriðanna frábrugðið því, sem kemur fram á samþykkttri útlitsteikningu?

Svar: Þau eru nánast eins, þótt sbr. upphaf 4. tl. á bls. 6 standi „virðast smíðað mjög svipað“, enda er hér um varfærnislegt orðalag að ræða.

Nr. 17. Kunna húsasmíðameistarar almennt, sbr. útreikninga á fimm blaðsíðum á milli 3. og 4. lesmálssíðna í matsgerðinni? (sic).

Svar: Ég get aðeins svarað fyrir mitt leyti, og ég kann ekki þessa formúlu.

Nr. 18. Hvaða stéttir, sbr. bls. 3, falla undir tæknimenn, sem þar er getið um?

Svar: Arkitektar, verkfræðingar og tæknifræðingar. Hönnuðir í næstu málsgrein eru sömu stéttir.

Nr. 19. Hefur húsasmíðameistari, sbr. tl. 4 bls. 6, einhver tök á eða heimild, ef hann teldi einhver atriði hættuleg í samþykkttri teikningu, að breyta þar frá?

Svar: Í fyrsta lagi gæti hann fengið verkfræðing til að reikna styrkleikann og í öðru lagi gæti hann fengið einhvern til að breyta útlitsteikningunni og lagt hana aftur fyrir byggingarnefnd. Öðruvísi má hann ekki breyta samþykktri teikningu.

Nr. 20. Hefur vitnið séð handrið með láréttum böndum í öðrum húsum hér í borginni?

Svar: Já, já.

Nr. 21. Er efnið, sem notað var í svalahandriðið, af svipaðri, betri eða lélegri gerð en almennt tíðkast?

Svar: Efnið er afar venjulegt efni. Mér finnst myndir, sem lagðar hafa verið fram í málinu, ekki gefa rétta hugmynd um ástand efnisins almennt. Þær sýna vissulega þá staði, þar sem efnið er lélegast.

Nr. 22. Hefur vitnið á starfsferli sínum látið sérpanta efni sem þetta?

Svar: Nei, en vitnið hefur verið húsasmíðameistari hátt á fjórða áratug.

Nr. 23. Var gerð nokkur tilraun með brotþol á sams konar efni við matið?

Svar: Nei.

Í framhaldi af framangreindu var vitnið spurt, hvort það hefði sem húsasmíðameistari notað sams konar skotnagla og raun varð á á matsverkinu. Vitnið kvaðst ekki mundu nota skotnagla við svona verk.

Vitnið kvaðst aðspurt telja, að framlögð teikning (samþykkt útlitsteikning) væri nægjanleg smíðateikning.

Er dómurinn spurði vitnið, í hvers verkahring það væri að velja festingar við slík verk, sem hér um ræddi, sagði vitnið, að svar við því væri tvíþætt. Á fyrri hluta starfsferils vitnisins var það í verkahring húsasmíðameistara, en á seinni árum hafa það verið arkitektar, verkfræðingar eða áðurgreindir hönnuðir.

Vitnið var spurt, í hvers verkahring það væri að mæla fyrir um þykktir og sverleika efnis í slíkum verkum, sem hér um ræddi. Vitnið sagði, að framangreindir hönnuðir gerðu það, ef þeir hefðu sérteiknað verkið, ella væri það húsasmíðameistari með samþykki byggingarfulltrúa, ef burður sé nauðsynlegur, t. d. í þaksperrur.

Vitnið sagði, að húsasmíðameistara bæri aðeins, ef húsbyggjandi sæi um kaup á efni og festingum, að byggja á reynslu sinni og þekkingu um það, hvort efni væri nothæft.

Á dómþingi 8. september sl. krafðist verjandi þess, að meðdóm-
endur vikju sæti í málinu, og var sú krafa tekin til úrskurðar
samdægurs. Með úrskurði dómsformanns 30. september var þess-
ari kröfu hafnað. Verjandi kærði úrskurðinn til Hæstaréttar, sem
vísaði málinu frá 22. október sl., þar eð hann taldi kæru of seint
fram komna.

3. Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærur og
refsingum sem hér greinir:

- 1953 9/12 Reykjavík: Dómur: 1.500 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í
6 mánuði, fyrir brot á áfengis- og bifreiðalögum og
lögreglusamþykkt Gullbringu- og Kjósarsýslu.
1954 29/5 Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt, 350 kr. skaðabætur
fyrir brot á 217. gr. hegningarlaga.
1955 24/3 Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 27. gr.
bifreiðalaga og 46. gr. lögreglusamþykktar.
1955 24/11 Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 17. gr.
bifreiðalaga.
1958 9/8 Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 21. gr.
áfengislaga.
1964 3/9 Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
1965 8/5 Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.

4. Niðurstöður.

Almennt verður að telja, að handrið geti verið hættuleg af
eftirgreindum ástæðum:

1. Vegna hættu á, að einstaklingur geti oltið yfir handrið, sök-
um þess hve lágt það er.
2. Sökum þess, að það er þannig úr garði gert, að einstaklingur
geti troðið sér út milli rimla.
3. Að handrið sé þannig úr garði gert, að klifrað verði í því.
4. Að handrið sé of veikburða, þannig að hætta sé á, að það
bresti undan einstaklingi.

Um 1.

Krafa 2. mgr. 77. gr. byggingarsamþykktarinnar um þetta
atriði er tvímælalaust uppfyllt, sbr. matsgerð.

Um 2.

Ekki verður séð, að láréttir rimlar bjóði upp á meiri hættu í
þessu tilliti en lóðréttir, ef kröfum um hámarksbil milli rimla
(15 cm) er fullnægt.

Um 3.

Gerð handriðsins býður upp á mun meiri hættu í þessu tilliti

en ef rimlar væru lóðréttir. Á lárétta rimla er ekki minnst í 69. gr. byggingarsamþykktarinnar, og verður ekki séð, að þeir séu almennt bannaðir, þótt getið sé um sérstakt bil milli lóðréttra rimla. Hefur þessi skilningur stoð í 3. tl. 29. gr. eldri byggingarsamþykktar nr. 195/1945, þar sem aðeins er almennt talað um rimla. Ef meiningin hefði verið að breyta eldra ákvæðinu og banna almennt lárétta rimla, hefði átt að taka það fram. Hins vegar ber á það að líta, að byggingarnefndinni er í lófa lagið við afgreiðslu á hinum einstöku teikningum að setja nægileg skilyrði hér um og jafnvel að krefjast sérupphráttu af svölum, sbr. 3. mgr. 9. gr. byggingarsamþykktarinnar, svo sem gert var í þessu tilviki, þó eftir að verulegur hluti handriðanna var settur upp.

Um 4.

Miðað við almennar reikningsvenjur verkfræðinga og niðurstöður matsgerðarinnar verður að telja handriðið of veikt og því varasamt. Á hinn bóginn er ekki nægilega ljóst, hvað er átt við í 69. gr. byggingarsamþykktarinnar, þegar sagt er: „að ekki stafi hætta af . . .“, þar sem vitnað er aðeins í eitt dæmi, þ. e. a. s. um millibil lóðréttra rimla til að kveða nánar á um, í hverju sú hætta kunni að vera fólgin. Í þrengstu merkingu þess orðalags, sem í 69. gr. er, má ætla, að hér sé einungis átt við þá hættu, að barn geti troðið sér út milli rimla, en aðrar hættur séu ekki taldar með. Sá kostur er einnig fyrir hendi, að greinin eigi við hættur almennt og hafi verið höfð svo rúm sem raun ber vitni, þar sem gert er ráð fyrir, að byggingarnefnd geti við afgreiðslu á hinum einstöku teikningum sett nægjanleg skilyrði um öryggi handriða og jafnvel krafist sérupphráttu, sbr. um 3. Sem verklagsregla fyrir byggingarnefndina er ekki varhugavert eða óæskilegt að velja hina rýmri skýringu. Hins vegar er aðstaðan í refsímáli nokkur önnur, þar sem skýra ber slík ákvæði þröngt, ef fleiri skýringarkostir eru fyrir hendi, ákærðum manni í hag. Auk þess ber að athuga huglæg skilyrði. Eins og menntunarkröfum til húsasmíðameistara er háttað, verður að jafnaði ekki sú krafa gerð til þeirra, að þeir geri sér ljósa þá hættu, sem stafar af veikburða handriðum, umfram það, sem starfsreynsla þeirra kennir í þeim efnum.

Af framangreindu leiðir, að ákærða verður ekki gerð refsing, nema orðið „hætta“ í 69. gr. samþykktarinnar verði talið ná til töluliða nr. 3 og 4 hér að framan. Greinilegt er, að orðin „að ekki stafi hætta af“ eru óþörf og merkingarlaus, ef þau eiga aðeins

við bil milli lóðréttra rimla. Eðlilegast virðist að skýra hin tilvitnuðu orð þannig, að það sé lagt í vald byggingarnefndar að setja reglur um gerð handriða, þannig að fyllsta öryggis sé gætt, og skilorðsbinda byggingarleyfi eða neita um þau, ef umsækjandi uppfyllir ekki þær öryggiskröfur. Nú er upplýst í málinu, að ekki er almennt krafist séruppdráttar af handriðum. Einnig ber sú teikning af hinum umdeildu húsum, sem samþykkt var af byggingarnefnd Reykjavíkur 10. ágúst 1967, að handrið þeirra var með láréttum rimlum auk þess sem slíkir rimlar hafa verið látnir viðgangast annars staðar. Loks ber þess að geta, að hönnuður sá, er húsið teiknaði, kom mjög oft á byggingarstað sem eftirlitsmaður. Öll þessi atriði voru til þess fallin að gera ákærða grandalausán og styðja trú hans um, að hann væri ekki að gera neitt refsivert. Hins vegar ritaði byggingarfulltrúi ákærða bréf 10. júlí 1970, og var ekki búið að setja handrið á 3. og síðasta áfanga húsanna, sbr. bréf hans sjálfs frá 20. ágúst 1970 og 4. maí 1971. Áður en ákærða barst það bréf, verður honum ekki talið til refsisakar smíði handriðanna, en hins vegar verður að telja, að eftir þann tíma hafi hann brotið gegn þeim lagaákvæðum, sem í ákæru greinir, að undantekinni 102. gr. byggingarsamþykktarinnar, og bakað sér þar með refsíabyrgð. Rétt þykir þó með tilliti til mála-vaxta, sbr. 3. tl. 74. gr. almennra hegningarlaga, að refsing ákærða falli niður.

Með skirskotun til framangreindrar niðurstöðu ber samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 að dæma ákærða til greiðslu á sakarkostnaði málsins, m. a. þóknun skipaðs verjanda, Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns, að fjárhæð kr. 120.000.

Uppsaga dómsins hefur dregist vegna jólahelgarinnar og embættisanna dómsformanns við önnur störf.

Dómsorð:

Refsing ákærða, Ívars Arnar Ingólfssonar, falli niður.

Ákærði greiði sakarkostnað málsins, m. a. þóknun skipaðs verjanda, Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns, að fjárhæð kr. 120.000.